

20 ÁRA AFMÆLI BLAÐSINS

DÖNNA BLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS
HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2017

FRÍTT
EINTAK

MIKILVÆGA UMRÆÐUEFNIÐ

ER ÍSLENSKA
TÁKNMÁLIÐ
AÐ DEYJA ÚT:
HVAÐA AÐGERÐIR
ÞARF TIL AÐ BJARGA ÞVÍ?

DOKTOR ÞÓRÐUR ÖRN

lét breytta aðstæður ekki að stöðva sig við að ná markmiðum sínum

Eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON Ljósmyndir eftir INGIMAR EYFJÖRÐ

ÚT Á HAFSJÓ í ncer HÁLFA ÖLD

eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON

VOPN í BARÁTTUNNI gegn
ÚTRÝMINGU TÁKNMÁLSINS

eftir ÁRNÝJU GUÐMUNDSDÓTTUR

AÐ BORA eða EKKI BORA

eftir NATHANIEL MUNCIE



SUGARFREE GUM



WRIGLEY'S
Extra
WHITE

x25

SWEET MINT

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Borða Drekka tyggja **Extra**[®]

1997

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Viðtal við formann Félags heyrnarlaustra

Þetta er fyrsta tölublaðið af fréttabréfi félags heyrnarlaustra. Það er unnið af Berglindi Stefánsdóttur, formanni félagsins. Í þessari tölublaði er m.a. umfjöllun um stöðu félagsins og umhugsun um framtíðina.

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

AF TÖUKAMÁLUM HEYRNARLAUSRA

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

STUTTMYNDADÁTIÐ HEYRNARLAUSRA

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

SÖGUGER STUNDI Í ALDINGISHÚSINU

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

„Ég vil hvernig mál minna minna hef ég þig með viðbráttinu minnum, en ef ég vil hvernig ekki mál hans hef ég þig með íslensku minni, vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“
Ólafur Þorvaldursson

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

DÖFFBLAÐIÐ
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Döffblaðið
Fréttabréf félags heyrnarlaustra
1. tölublaðið 1. ágúst 1997

Íslenskt tákmmál er okkar mál

Íslenskt tákmmál er okkar mál

2017

DÖFFBLAÐIÐ
20 ÁRA AFMÆLI BLAÐSINS
FEBRÚAR 2017
FRÍTT EINTAK

DOKTOR ÞÓRÐUR ÖRN
let breytta aðstæður ekki að stöðva sig við að na markmiðum sínum

ÚT- HAFSJOYJA MÁLA ÖLD
VÖPNÍ BARATTUNNI
AD BORA... EKKI AD BORA

20 ára liðin og allt í gangi enn

Ótrúlegt en satt þá fagnar Döffblaðið 20 ára afmæli dag. Það kom fyrst út í mars 1997 með viðtali við Berglindi Stefánsdóttur, formann félagsins á þeim tíma. Viðtalið var um það helsta sem var í brennidepli þá. Þegar blaðið kom fyrst út var áherslan að vera fréttabréf félagsins og innihélt aðeins fjórar blaðsíður en það var bara í upphafi. Árið 2013 breyttist blaðið úr fréttabréfi í tímarit því viðhorfin á Íslandi voru að breytast.

Nú kemur Döffblaðið út í 27. skipti og gengur vel. Það er ótrúlegt afrek þegar þú hugsar um það. Í blaðinu hefur verið rætt um hagsmunamál sem félagið, ásamt formanni og meðstjórnendum, hefur unnið að ásamt ýmsu mikilvægu eins og textunarfrumvarpi, happadrættissölu og félagslífi.

Þó Döffblaðið hafi ekki haft mikil áhrif á samfélagið með innihaldinu í byrjun var auðmyktin í fyrirrúmi. Umfjöllunin var smá í sniðum en í mínum huga var hún svo miklu meira. Tækifæri til að segja fólki frá markmiðum félagsins sem og að leita leiða til að



Gunnar Snær Jónsson
Ritstjóri
gunnar@deaf.is

grípa athygli lesenda. Þegar ég var yngri man ég eftir að mér fannst ég búa yfir svo mörgum hæfileikum og hafði mín eigin markmið en vegna neikvæðinnar í samfélaginu til okkar sem ekki heyrja þá dró ég mig í hlé. Viðhorf til heyrnarleysis eða döff eins og við í samfélaginu köllum það, hafa breyst mikið frá upphafi Döfblaðsins. Ég held að meðvitund samfélagsins um heyrnarleysi sé að aukast þar sem upplag blaðsins var 300 eintök en í dag náum við 1200 eintökum. Við leggjum áherslu á fjölbreytileika og að ná til fleiri lesenda sem hafa áhuga á málefnum döff.

Þegar ég tók við starfi ritstjóra blaðsins árið 2013 hafði ég mikla trú á að blaðið hefði alla burði til að hafa áhrif á samfélagið m.t.t. menningarsamfélags heyrnarlausra. Þá var blaðið fréttabréf sem kom á framfæri ýmsum upplýsingum og fræðsluefni er lýtur að menningu döff, sögu og helstu baráttumálum. En ég taldi það þurfa að breytast í tímarit til að uppfæra. Ekki aðeins döff heldur einnig hið heyrandi samfélag með því að bjóða heyrandi að taka þátt í að skrifa greinar og taka viðtöl við heyrandi til að kynna menningarsamfélagi okkar betur. Opna augun fyrir hvernig líf döff einstaklings getur verið ótrúlega auðvelt, jafn auðvelt og heyrandi.

Við höfum verið mjög heppin að frábærir greinahöfundar og ljósmyndarar hafa lagt blaðinu lið. Haft trú á blaðinu og að það muni hafa áhrif á hið heyrandi samfélag. Ég finn a.m.k fyrir meiri tengingu en áður.

Við værum ekki hér án ykkar, lesenda okkar. Við getum einfaldlega ekki þakkað ykkur nógu mikið. Við skulum vona að blaðið okkar endist 20 ár í viðbót.

Njótið lestursins!

Með kveðju,
Gunnar Snær Jónsson
Ritstjóri Döfblaðsins



Fyrsta Döfblaðið
gefið út í mars 1997.



20

Doktor Þórður Örn

Dr. Þórður Örn Kristjánsson er fyrstur döff á Íslandi til þess að ljúka doktorsprófi. Hann tók stórt skref í lífinu með að ljúka náminu og vakti athygli allra Íslendinga. Rannsókn hans fjallaði dúntekju. Á bls. 20 er viðtal sem Döfblaðið tók viðtal við hann um framhaldsverkefni sitt.

6 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra
Pistlar frá starfsmönnum félagsins

7 Döff leikkona í íslenski kvikmynd
Elsa G. Björnsdóttir leikur í myndinni Týndu stelpurnar sem tekin var upp í fyrra en spurningin er hvenær hún verði sýnd.

7 Auglýsing í gjöf frá ÖBÍ
Öryrkjabandalag Íslands gaf aðildarfélagunum myndband að gjöf í tilefni afmælisins og fékk félagið auglýsinguna.



8 Út á hafsjó í nær hálfa öld
Rudolf Kristinsson er einn af fjórum togarasjómönnum sem hefur unnið á sjó rúmlega 45 ár og segir hann frá lífssögu sinni.

12 Dagur íslenska táknmálsins
Dagurinn verður haldinn í fimmta sinn og ákvað nefndin að þemað á deginum yrði viðhorf til að efla og hlúa að íslensku táknmáli á Íslandi.

12 Kári leitar eftir fjármagni
Verðlaunahafi og leikstjóri myndarinnar Sagan endalausar, leikstýrir nýrri og leitar eftir fjármagni vegna eftirvinnslunnar.

13 Döff uppfinningarmaður
Vitali Kojounov fann upp EasyClick sem auðveldar nokturn lykklakippa.

13 Heiðurgestir í íslensku tónlistarmyndbandi
Hervör Guðjónsdóttir ásamt eiginmanni sínum leikur aðalhlutverk í íslensku lagi sem barnabarn þeirra gefur út.

13 Spurningakönnun
Gerð var könnun um aðgang að íslenskum texta á sjónvarpsstöðvum og og hvað væri áhugaverðust að horfa á ef aðgangurinn væri betri.



14 Hvað verður um málið okkar?
Tungumálið okkar heyrnarlausra er í útrýmingarhættu. Hvaða aðgerða þarf að gripa til eða á málið að sökkva í sæ.

15 Að bora eða ekki bora
Nathaniel segir frá skráningu tungumáls fyrir tungumálasafn sem er mikilvægt til að endurlífga málið okkar til þess að koma í veg fyrir útrýmingu.

17 Vopn í baráttunni gegn útrýmingu íslenska táknmálsins
Árný segir frá mikilvægi þátttöku í að vernda og efla málið með því að safna sögum vegna varðveislu táknmálsins.

18 Gagnrýnin vitund um málið
Sigríður segir frá málvitund um táknmálið, hvernig það breytist með mismunandi leiðum til árangursríka samskiptamáta.

24 Þróun og endurskoðun námskrár
Rannveig Sverrisdóttir segir frá markmiðum verkefnisins, tilurð þess og stöðu auk þess sem hugtakið námskrá og hlutverk háskóla er reifað.

26 Sjónarhorn nemenda í táknmálsfræði
Háskólanemar á fyrsta ári segja frá sjónarhorni sínu á menningu og samfélag heyrnarlausra.



28 Hún skellihló og hló
Hárgreiðslumeistari og förðunarfræðingur opnar nýja stofu í húsinu sínu.

1. tölublað 118. árgangur
ISSN 1670 - 5013

Útgefandi
Félag heyrnarlausra

Skrifstofa
Þverholt 14
105 Reykjavík
Sími: 561-3560
deaf@deaf.is
www.deaf.is

Ritstjóri
Gunnar Snær Jónsson
gunnar@deaf.is

Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta og breyta innsendum bréfum og greinum í blaðið ef þörf þykir. Skoðanir einstakra höfundar eru ekki endilega skoðanir félagsins eða ritstjóra.

Framkvæmdastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Ábyrgðarmaður
Heiðís Dögg Eiríksdóttir
heiddis@deaf.is

Auglýsingastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Umbrót og hönnun
Gunnar Snær Jónsson

Ljósmynd á forsiðu
Ingimar Eyfjörð

Ljósmyndir
Adam Skrzyszewski
og aðrar aðsendar myndir

Aðsendar myndir og greinar
doffbladid@deaf.is

Prófarkalestur
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

Enskupýðandi
Klara Sif Skarphéðinsdóttir

Prentun
Guðjón Ó vistvæna prentsmiðja
Þverholt 13
105 Reykjavík
Sími: 511 1234

Fyrirspurnir um heimsendingu blaðsins
doffbladid@deaf.is

Næsta útgáfa
Skilunarfrestur: 15. ágúst 2017
Útgáfudagur: 5. september 2017

Upplag
1.200 einstök



Fylgið með okkur
facebook.com/felagheyrnarlausra

Formannspistill



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
Formaður
heiddis@deaf.is

Dagur íslenska táknmáls er stór dagur í augum margra, þá fögnum við hátíðlega Degi íslenska táknmálsins. Lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál var samþykkt á Alþingi 27. maí 2011. Löggin eru góð og sterk og megum við vera stolt af þeim en þau eru enn sem komið er mest bara orð á blaði. Félagið hefur látið reyna á löggin síðustu misseri, það er barátta og vinna að láta íslenska táknmálið vera jafnréttihátt íslenskri tungu. Þar spilar viðhorfið mikið inn því viðhorf til tungumála hafa mikil áhrif á líftíma þess og á það vel við íslenska táknmálið. Íslenskt táknmál er í miklum minnihluta hér á Íslandi og neikvætt viðhorf gefur haft neikvætt áhrif á líftíma tungumálsins.

Þótt viðhorf til íslenska táknmálsins er yfirleitt jákvætt þá þarf samt að gæta vel að viðhorfinu t.d í skólakerfinu þar sem æskan er við nám. Málumhverfið í skólanum þarf að vera ríkulegt og viðhorf til þess jákvætt til að tryggja betur afkomu íslenska táknmálsins og koma þar með í veg fyrir útrýmingu. Íslenska táknmálið er núna í mikilli

útrýmingarhættu og okkur ber öllum sú skylda og ábyrgð að styrkja, hlúa og varðveita það með öllum ráðum til að koma í veg fyrir útrýmingu. Í viðtali við Kristínu Lenu sviðstjóra táknmálssviðs Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra í Fréttum vikunnar er eitt mikilvægasta verkefnið í að koma í veg fyrir útrýmingu á táknmáli að efla jákvætt viðhorf gagnvart íslensku táknmáli í skólakerfinu. Málhafar íslenska táknmálsins þurfa að vera virkir í uppbyggingu á jákvæðu viðhorfi, varðveislu og þátttöku í rannsóknum á íslensku táknmáli.

Ég bið því þig lesandi góður að hugsa um það hvað getur þú gert til að leggja hönd á plóg til að koma í veg fyrir útrýmingu íslensks táknmáls.

Baráttukveðjur,
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
Formaður



Daði Hreinsson
Framkvæmdastjóri
dadi@deaf.is

Pistill framkvæmdastjóra

Arið sem var að líða er búið að vera afskaplega erfitt fyrir okkur starfsfólkið í Félagi heyrnarlausra, stjórn og ykkur sem þykir vænt um félagið ykkar. Eins og flest ykkar vitið fékk Félag heyrnarlausra á sig síðasta vor óréttmæta ásökun og mannorðshnekk um mansal, og það í fréttum á aðalfundardegi Félags heyrnarlausra. Síðan þá hefur félagið hægt og rólega byggt upp starfsemi sína og mannorð, fór aðrar leiðir í sölu happdrættis að kröfu hóps félagsmanna og auglýsti eingöngu eftir íslenskum sölumönnum. Niðurstaðan var algjört hrun á happdrættissölu sem búið var við enda flestir heyrnarlausra í vinnu annarsstaðar og lítill áhugi döff Íslendinga að selja happdrættismiða.

Er því ljóst að við förum aftur í sama far og áður sem bar auðvitað bestan árangur söluunnar að fá til aðstoðar við okkur erlenda duglega sölumenn sem selja hér alla daga, hvernig sem viðrar. Í ljósi dræmrar sölu í haust hefur félagið dregið saman seglin í þeirri víðtæku þjónustu sem félagið var með í boði og markað stöðu sína sem upphaflega var farið af stað með, sem hagsmuna- og réttindafélag heyrnarlausra. Eins og fyrr segir munum við vinna hörðum höndum að uppbyggingu mannorðs okkar döff og ná fyrir styrk í rekstri félagsins. Til þess þurfa allir félagsmenn að hugsa um sitt félag með væntumþykju og taka þátt í uppbyggingu og jákvæðum

innviðum þess. Fyrsta skrefið tel ég að fólk þurfi að skoða og skilja betur út á hvað aðalfundir ganga. Síðustu árin hafa í aðdraganda aðalfunda myndast umræður á spjallsíðum sem hafa einkennst meira af ómaklegum persónuárásam heldur en málefnalegum umræðum um starfsemi félagsins. Þessu þarf að breyta enda ólíðandi fyrir fólk að sitja undir slíkum ámælum þegar fólk reynir að vinna sína vinnu af alúð fyrir félagið, hvort sem um starfsmenn eða stjórnarmenn er að ræða. Þessu þarf að breyta.

Ég tel mikilvægt að félagsmenn fari að líta öðrum augum á aðalfundi, markmið þeirra og styrk til að gera gott félag betra. Málefnalegar umræður, hugmyndir með stefnu og starf félagsins til næstu ára, jákvæð gagnrýni og jákvæður andi er allt sem styrkir Félag heyrnarlausra til framtíðar. Sjái sig einhver mál, rekstur eða stöðu félagsins í öðru ljósi en núverandi stjórn þá er lýðræðið þannig að hægt og hvatt er til þess, að málefnalegt fólk sem hefur uppbyggileg markmið, Félagi heyrnarlausra og starfsemi þess til góðs, bjóði sig fram í þau embætti sem laus eru til framboðs stjórnar hverju sinni.

Daði Hreinsson
Framkvæmdastjóri



Döff leikkona í nýrri íslenskri myndinni

Leikstjórnann fyrst þegar haft var samband við hana. Skemmtileg tilviljun var að sami ljósameistari sá um mynd Elsu, *Kára*, sem tekin var á Eskifirði. Elsa sagði að upptökur stuttmyndar hennar, sem er 20 mínútur hafi tekið eina viku. Leikstjóri *Týndu stelpnanna*, vann dag og nótt að myndinni ásamt leikurum og starfsfólki og lauk tökum á 8 dögum. Þess má geta að myndin er í fullri lengd. Elsa sagði ekki annað hægt en að heillast af þessu frábæra fólki sem Lovisa Lára valdi með sér.

Kvikmyndin, *Týndu stelpnar*, eftir Lovísu Láru Halldórsdóttur, var tekin upp í sumar. Myndin fjallar um tvær fjórtán ára stelpur, Birnu og Telmu, sem hafa verið bestu vinkonur frá því þær voru litlar. Þær eru ólíkar og koma frá ólíkum aðstæðum en eiga það sameiginlegt að leiðast fjölskyldulífið. Til að sleppa frá raunveruleikanum, stytta þær sér stundir með því að njósna um nágretta sína og búa til sögur. Þegar þær verða vitni

að morði reyna þær að rannsaka málið sjálfar. Þær vita ekki að sú ákvörðun mun ekki aðeins reyna á vináttu þeirra heldur einnig að stofna lífi þeirra í hættu. Það sem er athyglisvert við myndina er að í henni leikur döff leikkona.

Elsa G. Björnsdóttir var ráðin í hlutverk Ástu móður Telmu, sem er önnur aðalsögupersónan í myndinni. Hún þekkti hvorki framleiðendur né

Myndin var skráð inn í Karolina Fund til fjárfstyrks vegna framleiðslu á mynd- og hljóðvinnslu en náðist ekki fjármögnun. Framhaldið er því óvíst. Frumsýning mun eitthvað dragast þar sem ekki náðist að fjármagna eftirvinnsluna en líklegt er að hún komi út seinna á árinu 2017.

Myndbönd aðildarfélaga að gjöf frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands, hagsmuna- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks, fagnaði 55 ára afmæli í fyrra og stjórn samtakanna ákvað að gefa aðildarfélögum myndband að gjöf í tilefni afmælisins.

Verkefnið er tilkomið og liður í að kynna almenningi hvað samtökin og aðildarfélögin standa fyrir. Þá er ætlunin að vekja athygli almennings á margbreytileika þeirra félagasamtaka sem eru undir hatti ÖBÍ en öll eiga þau sameiginlegt að vinna með einum eða öðrum hætti að betra samfélagi fyrir alla.

Framleiðslufyrirtækið Tjarnargatan hefur áður unnið verkefni fyrir ÖBÍ sem skilaði jákvæðri umfjöllun og vakti fólk til umhugsunar og því var Tjarnargatan fyrir valinu. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir hafði umsjón með verkefninu.

Félag heyrnarlausra tók þátt í verkefninu og sendi Gunnar Snæ, einn af starfsmönnum sínum, í auglýsingu fyrir félagið. Markmið auglýsingunnar er að vekja fólk til umhugsunar um samskipti við heyrnarlausra og tungumál þeirra. Auglýsingin verður frumsýnd á Degi íslenska tákn málsins og mun fara strax á netið fyrir alla að sjá.



Á forsíðunni og næsta blað

Ljósmynd: Dr. Þórður Örn Kristjánsson ásamt hundi sínum Kaldalóns-Skutlu. Myndin var tekin á heimili hans í Ártúnsholti.

Langar þig að senda okkur efni fyrir tímaritið okkar sem kemur næst út í september 2017?

Með efni er átt við alls konar greinar eða myndir sem passa fyrir tímaritið. Ef þú lumar á einhverju, er engin spurning að senda okkur það. Það eru þó nokkrir punktar sem þarf að hafa í huga áður en efni er sent inn. Við þurfum að vita hver er

höfundur efnisins. Ef þú sendir okkur t.d. mynd sem er ekki þín, þarftu að taka fram hver er ljósmyndari vegna höfundaréttar.

Sendu okkur línu á doffbladid@deaf.is og skilafrestur er 15. ágúst 2017.

Ef þú óskar eftir að fá blaðið sent heim þér að kostnaðarlausu, getur þú sent fyrirspurn á doffbladid@deaf.is



Út á hafsjó í nær hálföld

Hver og einn einstaklingur fer sinn eigin veg í gegnum lífið og býr til sína eigin lífssögu. Döff maður var einn af togarasjómönnum sem vann á sjó í 45 ár en hvernig var að vinna á sjónum á þessum tíma fyrir döff með enga samskiptaleið?

EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON

LJÓSMYND EFTIR ADAM SKRZESZEWSKI

Gamlar ljósmyndir frá togurinum sem hann vann á þessum tíma.



Þessi fyrrum togarasjómáður heitir Rudolf Kristinsson og hann fæddist 17. júlí 1936 í Vestmannaeyjum. Hann hefur alltaf verið fastagestur hjá Félagi heyrnarlausra og kemur með sína hlýju og kærleiksriku nærveru á skrifstofuna þar sem öllum þykir vænt um hann. Hann missti heyrn 13 mánaða gamall og flutti 5 ára með móður sinni og systur til Reykjavíkur. Þá hóf hann nám við Heyrnleysingjaskólann. Hann ólst upp í Reykjavík eftir skólann en gekk illa að fá atvinnu þar sem lítið var vitað um heyrnarleysi á þessum tíma. Það breytti því lífi hans þegar hann fékk ungar að aldri starf hjá útgerðarfélagi og vann þar í 45 ár.

Nýtt líf á sjó

Þessum tíma var Norður-Atlantshafsbandalagið (NATO) á Íslandi þar sem landið var eitt af stofnríkjum þess og aðild landsins að bandalaginu þótti mikilvæg fyrir Ísland. Rudolf vann þá á Keflavíkurflugvelli en bróðir hans á togara. Hann vildi fá aðra vinnu því hann var alltaf einn og enginn kunni táknmál og leitaði því aðstoðar hjá bróður sínum. Bróðir hans hringdi í skipstjóran sinn og Rudolf fékk atvinnutilboð á togaranum Þórmóði goða árið 1958. „Ég fór með honum á togarann og hitti skipstjóran og fékk vinnuna. Móðir mín var þó mjög óánægð með þennan ráðahag og taldi að ég ætti ekki að vinna á sama stað og bróðir minn,” sagði Rudolf. Bróðir hans taldi það þó í góðu lagi því hann var á leið í Sjómannaskólann. „Samskiptin við bróður minn voru alltaf ágætt því hann kunni stafrófið og aðrir sjómenn lærðu smá táknmál til að hafa samskipti við mig”, sagði Rudolf. Hann fór að vinna á frystitogara við að afhausa karfa með hausavél, svo þorsk og eftir það fór hann að vinna við að slægingu á vinnuborði. Stundum vann hann upp á dekki.

Brynjólfur skipstjóri sem réð Rudolf til starfa var opin fyrir döff stjórn mönnum en talaði aðallega íslensku þó hann kynni smá íslenskt táknmál. „Það var ekki mikið mál fyrir mig þó Brynjólfur talaði ekki íslenskt táknmál reiprennandi því við höfðum unnið saman í meira


en 30 ár og þekktum hvorn annan vel. Hann er góður maður”, sagði Rudolf um skipstjóran. Eftir að Rudolf hafði unnið á frystitogaranum í nokkur ár komu þrír döff sjómenn til að sækja um vinnu, Haraldur Friðjónsson, Magnús G. Jónsson og Hreinn Guðmundsson. Brynjólfur samþykkti að ráða þá en þeir unnum ekki allir saman. Þeir voru á tvenns konar vöktum, Rudolf og Magnús unnu saman á móti Haraldi og Hreini. Skipt var 6 klst fresti. „Á þessum tíma var ég eini döff sjómáðurinn um borð og þá vann Haraldur á öðrum togara og átti í erfiðleikum vegna samskipta. Það er mjög mikilvægt fyrir döff að geta átt samskipti á íslensku táknmáli svo Haraldur vildi frekar vinna með mér”, sagði Rudolf um ástæður þess að svo margir döff unnu á sama skipinu.

Þann 10. febrúar 1979 birtist viðtal við Brynjólf Halldórsson skipstjóra á Ögra í fréttablaðinu Vísi um hvernig heimur þeirra sem heyr ekki er í því hávaða samfélagi sem togarasjómenn lifa í. Hvernig er að geta ekki notað síma og heyr hin ýmsu hljóð. Á þessum tíma var viðhorf til heyrnarleysis ólíkt því sem það er í dag. Með viðtalinu birtist mynd af þeim Rudolf, Haraldi og Hreini að tala saman á íslensku táknmáli. Í viðtalinu talaði Brynjólfur jákvætt um heyrnarleysið og að það hefði aldrei valdið neinum vandræðum og oft væri betra að hafa samskipti við þá heyrnarlausu en aðra upp á dekki. Hann talaði um að það væri stundum eins og þeir væru með augu á bakinu og oft eins og þeir væru með sjötta skilningarvitið þegar hætta var á ferðum eða ef eitthvað var í vændum með veðrið. Hann talaði um mikilvægi þess að setja texta á íslenskt efni í sjónvarpinu. „Ég trúir ekki að það sé svo mikið mál að setja texta á íslenskt efni að ekki sé hægt að ráða við það. Manni finnst að Íslendingar sem ekki hafa heyrn ættu að hafa aðgang að innlendu efni ekki síður en erlendu. Þetta er í raun jafnréttismál”, sagði Brynjólfur í viðtalinu á Vísi.

Fyrsti döff sjómáðurinn á Íslandi

En hver ætli hafi verið fyrsti döff sjómáðurinn á Íslandi? „Þegar ég var á sjó var ég oft spurður af heyrandi sjómönnum hvernig döff fengju vinnu en ég hafði enga hugmynd um það þar sem engar upplýsingar voru til um heyrnarleysi og íslenskt táknmál á þessum tíma”, sagði Rudolf. Rudolf sagði einnig að það mætti segja að það sé einum manni sem beri að þakka fyrir atvinnuöguleika á togurum en það væri Ólafur Guðmundsson.

Hann var fyrsti togarasjómáðurinn árið 1939. „Ég heimsótti oft Óla gamla með vínflosku eftir vinnu. Óli sagði að það vantaði starfsmenn í togarana á þessum tíma þar sem ekki var hægt að senda inn atvinnuauklýsingar í útvarp á þessum tíma”, sagði Rudolf. Sagan hófst þegar Óli var að vinna við höfnina og skipstjóri togarans kallaði á hann en fékk engin viðbrögð. Hann gekk því til hans og Óli byrjaði strax að eiga samskipti við hann með penna og blaði. Honum var þá boðin vinna og átti að mæta strax daginn eftir. Óli sagði foreldrum sínum frá nýju vinnunni og þau ætluðu ekki að trúa sínum eigin augum þegar hann sýndi þeim blaðið með samskiptunum við skipstjóran. Faðir hans hjálpaði honum að pakka niður og fór með hann í hestvagni til hafnarinnar. Hann ræddi svo við skipstjóran um vinnuna og spurði hvort þetta væri rétt þó Óli væri döff. Skipstjórinn sagði að sig vantaði fólk og staðfesti atvinnutilboðið. Í framhaldi þurfti að sækja um leyfi en þetta opnaði



Gömul ljósmynd af Rudolf þegar hann var ungar.



Fyrsti döff sjó-
togaramaðurinn
á Íslandi, Ólafur
Guðmundsson,
fæddist 18.
nóvember 1898
og réðst hann til
sjós á togaran
Gylfa á salt-
fiskveiðar árið
1921.

möguleika fyrir döff að sækja um vinnu á
togurum og eftir það fjölgaði döff mjög í
þessari atvinnugrein.

Rudolf sagði frá skemmtilegu atviki
sem tengdist samskiptum hans við
skipstjórann þegar hann vann á dekkinu.
Skipstjórinn kallaði á starfsmann á fjórðu
hæð í gegnum talstöð en náði ekki
sambandi því veðrið var mjög slæmt.
Hann neyddist því til að ganga upp á
fjórðu hæð. Rudolf áttaði sig ekki á hvert
hann væri að fara og horfði á hann beint
í gegnum gler og notaði látbragð til að
spyrja um skiptingu á pung. „Við vorum
oft að djóka með sjómanna málið“, sagði
Rudolf hlæjandi. Með pung er átt við
stykki til að hafa inn í trollinu og notað til
að senda merki ef trollið er fullt af fiski.
Skipt er um pung þegar hann er
batteriíslaus. Þegar starfsmaðurinn kom
þá sagði skipstjórinn honum að fara
strax niður aftur því málið væri frágengið.
Þegar hann áttaði sig á að Rudolf hafði
talað við skipstjórann án þess að nota
talstöð þá vaknaði áhugi á að læra
nokkur ták. Fleiri sýndu í framhaldinu
áhuga á ták máli og að læra smávegis.

Eftir nær hálfa öld

Rudolf var einn af fjórum
togarasjómonnum sem hlaut
viðurkenningu frá Sjómannafélaginu fyrir að hafa stundað
vinnu í 45 ár. „Ég var mjög stoltur við
verðlaunaafhendinguna og fá
viðurkenningu fyrir starfið mitt“, sagði



Tekið var viðtal við Brynjólf
Halldórsson skipstjóra um
atvinnu heyrnarleysis upp á
togaranum sínum sem kom út
á Vísi þann 10. febrúar 1979.

Rudolf. Hann tók fram að fyrstu
mánuðirnir eftir að hann hætti að vinna
hafi verið erfiðir. Hann langaði að snúa
aftur á sjóinn. „Ég vissi ekki hvað ég átti
að gera fyrr en ég hittí heimilislækni sem
skoðaði mig. Hann hló þegar ég sagði
honum að ég vildi fara aftur til starfa og
hvatti mig til að stunda líkamsrækt og
fjallgöngu“, sagði Rudolf. Hann ákvað að
fara eftir fyrirmælum læknisins og byrjaði
að stunda líkamsrækt auk þess að skora
á sjálfan sig í fjallgöngu á hverjum
sunnudegi. Með tímanum hætti hann
að finna fyrir lönguninni að fara aftur á
sjóinn og hélt áfram að stunda
líkamsrækt daglega. Rudolf er alltaf
hress og kátur þegar hann kemur í
heimsókn í félagsheimilið og því munum
við aldrei gleyma.



Fyrir neðan birtist hluti úr viðtali við Brynjólf Halldórs-son skipstjóra sem birtist í *Borgarblaðinu* fyrir tveimur árum um lífsreynslu hans og upplifun af döff sjómönnum um borð.

Með heyrnarskerta í áhöfninni

Eitt af því sem Brynjólfur gerði á skipstjórnarárum sínum var að ráða heyrnarskerta einstaklinga um borð.

„Já – ég var með heyrnarlausa menn á áhöfninni á Ögra en þeir gátu talað saman með táknmáli. Þetta byrjaði þannig að þegar ég var með Marsinn þá komu tveir heyrnarláusir drengir um borð og voru settir á mína vakt. Ég vildi láta reyna á þetta og þetta voru ágætis einstaklingar. En svo fór að bátsmaðurinn treysti sér ekki til þess að vinna með þeim þótt skipstjórinn gerði það. Því fór svo að ég varð að láta þá fara frá borði. Að segja drengjunum upp eru einhver þyngstu spor sem ég hef þurft að stíga á sjómennsku- og skipstjórnarferlinum. En svo gerist það að þegar ég var með Ögra þá komu þeir um borð til mín og spurðu um hvort þeir gætu fengið pláss.

Ég tók þeim fagnandi og það próaðist samskiptamál á milli okkar. Þegar kallkerfið bilaði og maður varð sambandslaus við dekkið var brugðið á það ráð að nota skipsflautuna og þótt þeir hefðu nánast enga heyrn náðu þeir að merkja hana. Svo gerist það að þeir áttu félagaga sem eins var ástatt um. Voru líka heyrnarskertir eða heyrnarláusir. Þessir strákar voru að fylgja þeim niður á bryggju þegar þeir voru að fara um borð. Þetta þróaðist með þeim hætti að þeir sýndu áhuga á að fá að prufa að koma í skiprúm og það fór þannig að um tíma var ég með fimm heyrnarskerta eða heyrnarlausa einstaklinga í áhöfninni en gætti þess alltaf að hafa þá á sömu vaktinni vegna þess að þeir gátu tjáð sig saman á táknmáli. Ég man eftir einu dálítið sérstöku atviki á þeirra vakt.

Ég veitti því athygli að allt í einu var enginn fugl var á eftir skipinu sem þýddi að ekki var verið að vinna að aðgerðinni. Ég fór því að aðgæta hvað ylli og þegar ég kom niður sá ég þeir heyrnarláusu sem voru á vaktinni höfðu slíðrað hnífana en voru komnir í hörkurifildi. Allt fór það fram á táknmáli svo það var mikill handagangur. Ég komst aldrei að því hvert ágreiningsmálið var en þetta jafnaði sig fljótt og strákarnir héldu aftur til starfa eins og ekkert hefði í skorist. Ég náði góðu sambandi við þá með merkjamáli sem við bjuggum okkur til en stundum varð maður að sýna nokkra polinmæði. En þetta voru allt ágætir strákar.“

Sjóvá

440 2000

Ef þú skrifar skilaboð undir stýri lítur þú af veginum í allt að 5 sekúndur.

Á 70 kílómetra hraða keyrir þú því blindandi næstum 100 metra meðan þú skrifar.

sjova.is



SJÓVÁ

Dagur íslenska táknmálsins



Dagur íslenska táknmálsins verður haldinn hátíðlegur nú í fimmta sinn þann 11. febrúar 2017. Í augum margra málfafa íslensks táknmáls er þetta stór dagur en það tók margra ára baráttu að fá íslenska táknmálið viðurkennt. Elstu málfafar og margir segja að þegar Alþingi samþykkti frumvarp um lög um íslenska tungu og íslenska táknmálið var eins og þungu fargi

af þeim létt. Loksins voru þau og tungumálið viðurkennt. Málnefnd um íslenskt táknmál tók til starfa haustið 2011 eftir skipan mennta- og menningar- málaráðherra. Samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er meðal annars hlutverk málnefndar að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málstýringu og málstefnu íslenska táknmálsins ásamt því að stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi. Málnefndin lagði til að íslenska táknmálið fengi sinn dag líkt og íslenska tungan sem er 16. nóvember ár hvert. Samþykkt var að Dagur íslenska táknmálsins yrði á stofndegi Félags heyrnarlausra sem er 11. febrúar. Fyrstu starfsárin hjá málnefndinni samþykkti nefndin að þau verkefni sem tilheyrðu máltökustýringu og viðhorfastýringu væru í forgangi. Viðhorf til tungumála geta haft áhrif á viðgang þeirra og máltileikun (Burns o.fl. 2001) og með það í huga ákvað nefndin að þemað á degi íslenska táknmálsins 2017 yrði viðhorf. Mikilvægt er að huga að viðhorfi til íslenska táknmálsins. Í skýrslum málnefndar 2013 og 2014 má sjá að viðhorfastýring ásamt

máltökustýringu sé mjög mikilvæg til að efla og hlúa að íslensku táknmáli á Íslandi. Dagur íslenska táknmálsins er okkur því mikilvægur til að vekja athygli þjóðfélagsins á íslensku táknmáli ásamt umræðu um tungumálið og gera það sýnilegra til vitundarvakningar og bæta viðhorf gagnvart málinu.

Dagur íslenska táknmálsins verður haldin laugardaginn 11. febrúar 2017 í Bæjarbíói Hafnarfjarðar, Strandgötu 6. Allir eru velkomnir til að njóta íslenska táknmálsins á hvíta tjaldinu. Starfsmenn og stjórn félagsins hafa lagt hendur á plóg við að vinna að myndefni sem tengist íslensku táknmáli.

Þema hátíðar í samstarfi við málnefnd um íslenskt táknmál

- 2013** Málumhverfi heyrnarlausra barna
- 2014** Tveir heimar mætast – ávinningur samfélagsins af táknmáli og döff menningarheimi
- 2015** Menningar- og listviðburður í Tjarnarbíó
- 2016** Barnamenningarhátíð í Tjarnarbíó
- 2017** Viðhorf í Bæjarbíó Hafnarfjarðar



Fjáröflun fyrir stuttmyndina *Kára*

Framleiðandi verðlaunastuttmyndarinnar, *Sögunnar endalaus*, tók upp nýja stuttmynd, *Kára*, á Eskifirði í fyrra-summer. Myndin fjallar um döff strák sem í augnabliksbræði hrindir bróður sínum í sjóinn. Við fylgjumst svo með honum snúa aftur í bæinn á

fullorðinsárum til að sinna dauðvona móður sinni. Ýmislegt kemur þá í ljós sem kemur áhorfendum á óvart. „Það var stórkostlegt að leikstýra myndinni og ég fékk ofsalega flotta og hæfileikaríka leikara til liðs við mig. Sumir þurftu að læra táknmál eins og Steinunn Óflína,

leikkona, og Þorsteinn Stefánsson, leikari, en textinn þeirra krafðist þess að þau færu með sumt á táknmáli. Það var auðvelt að kenna þeim”, segir Elsa G. Björnsdóttir, leikstjóri og framleiðandi myndarinnar. Táknmálstúlkur sá til þess að samskiptin gengju vel á milli allra.

Myndin var ekki ódýr í framleiðslu og því leitar Elsa nú eftir fjármögnun fyrir verkið í gegnum Karolina Fund, fram til 16. febrúar. Enn vantar fjármagn til að klára tónlist og hljóðvinnslu ásamt launagreiðslum því tengdu. Elsa nefnir líka að enn eigi eftir að prenta plaköt og setja myndina á DVD en það verður ekki hægt nema fjáröflunin gangi eftir og markmiðum hennar um 7500 evrur verði náð. „Núna hafa safnast meira en 1400 evrur og ef rúmlega 400 manns styrkja um 15 evrur er takmarkinu náð”, segir Elsa um fjáröflunina. Hún stefnir á forsýningu myndarinnar laugardaginn 4. mars og staðsetning er í vinnslu.



Döff uppgötvar EasyClick

Margir kannast við að hafa glímt við að koma lykllum á lyklakippuna. Fyrir tveimur árum kom döff nemandi við hönnunarskólann KEA (KEA – Copenhagen School of Design and Technology) með lausn á vandanum, EasyClick.

„Hugmyndin kom upp þegar ég var í skólanum. Ég var að reyna að setja lykkl á kippuna og fór þá að hugsa að það væru margir að lenda í sama vanda. Upp frá því fór ég að vinna að þessari lausn“, sagði Vitali Kojounov uppfinningamaður. Hann fékk mikil jákvæð viðbrögð frá kennurum, bekkjarfélögum, fjölskyldu og vinum. „Í fyrstu var þetta bara 3d model í tölvunni en seinna prentaði ég EasyClick í þrívíddarprentara í ólíkum frumgerðum. Í framhaldi gerði ég svo tilraunir og

betrumbætti virkni módelisins“, sagði Kojounov. EasyClick er hannað fyrir alla, börn, fólk með stórar hendur eða fólk með liðagigt. Það er hannað í V-formi sem gerir það auðveldara að setja lykla á kippuna. Hægt er að nota það fyrir hvort sem er fyrir heimili eða vinnu. Kojounov sagði vini sínum Jeppe Vestenaa frá uppfinningunni og þeir fóru svo í samstarf. Verkefnið er skráð á Kickstarter.com en nauðsynlegt er að safna 80.000 dönskum krónum til að hrinda verkefninu í gang.



Heiðursmenn félagsins í íslensku tónlistarmyndband

Þau hjónin Hervör Guðjónsdóttir og Guðmundur K. Egilsson eru heiðursmenn félagsins vegna framlags þeirra til uppbygginga félagsins og einnig var Hervör í hópi stofnenda félagsins árið 1960 þar sem hún var meðstjórnandi. Barnabarn þeirra hin þekktu íslenska söngkona, Védís Hervör Árnadóttir, gerði nýtt tónlistarmyndband við lagið *Blow my mind*. Það sem hún gerði öðruvísi en vanalega var að fá ömmu sína og afa í aðalhlutverk myndbandsins.

Sýnir það ást í hversdagsleikanum en lýsi og lakkris tengja ástina saman. Hægt er að sjá myndbandið á netinu en hjónin tala saman á íslensku tákmalí og deila gömlum minningum.

Könnun vegna sjónvarpsefnis

Sjónvarpsstöðvar hafa sýnt litla viðleitni til að greiða aðgang þeirra sem heyra lítið eða ekkert að innlendu efni með textun. Þar með hefur þessi hópur færri tækifæri til að njóta efnis eða taka þátt í umræðu þjóðarinnar en heyrandi. Fjórir döff einstaklingar voru fengnir til að svara spurningu um sjónvarpsefni. Hvaða íslenskt sjónvarpsefni myndir þú horfa á ef það er textað?



Árni Ingi Jóhannesson
Heimspækingur

“Ég horfi oft á Ríkissjónvarpið af því að þar er mest af textuðu efni. Það væri frábært ef hinar sjónvarpsstöðvarnar eins og N4, Hringbraut og ÍNN myndu einnig texta sitt efni því þar er mikið af umræðu- og viðtalspáttum.”



Sunna Davíðsdóttir
Kennari á Tákmalíssviði

“Kastljós og veðurfréttir að sjálfsögðu. Ég verð oft vonsvikin yfir að geta ekki fylgst með efni þáttanna. Ég þarf oft að spyrja fólk í vinnunni þegar fjallað er um eitthvað mikilvægt og það er mjög ergjandi að geta ekki fylgst sjálf með.”



Sindri Jóhannsson
Starfsmaður í frístundaheimili

“Ég horfi ekki mikið á sjónvarp en mig hefur alltaf langað að sjá Fóstbræður frá 1997 en DVD diskar eru ótætaðir. Ég myndi gjarnan vilja hafa textun á öllum stöðvum eins og í Bandaríkjunum svo ég geti valið að horfa á hvað sem ég vil.”



Margrét Gígja Þórðardóttir
Kennslustjóri og ráðgjafi

“Kastljós. Þar koma fram miklar upplýsingar sem fara algjörlega fram hjá manni. Mig langar að vera með í umræðum sem eru efstar á baugi hverju sinni. Ekki bara fá smá hluta af þeim. Einnig eru oft fræðsluþættir á dagskrá sem eru ekki textaðir. Auðvitað á að texta allt efni, ekki bara nota 888.”

Útrýming íslenska táknmálsins

Fyrir áratug var íslenskt táknmál komið í útrýmingarhættu í samkvæmt UNESCO og félagið taldi tímabært að bregðast við með því að fræða fólk út í samfélaginu okkar áður en málið sykk í haf og vaknaði ekki aftur til lífs. Það er ekki nóg að lögsetja málið því það krefst mikillar vinnu að viðhalda málinu. Félagið hélt málstofu í tilefni Dags döfð til að vekja félagsmenn til umhugsunar. Þrjár fyrirlesarar komu fram á málstofunni og sendu í framhaldinu efni til blaðsins svo vekja mætti lesendur enn frekar til umhugsunar um stöðuna. Það er ekki nóg að hlusta bara og halda svo áfram, það verða allir að standa saman og bjarga málinu áður en það verður um seinan.



Málstofur í félagsheimili skipt milli hópanna úr 30. þættinum Fréttu vikunnar.

Alþjóðasamtök heyrnarlausra settu af stað fyrstu alþjóðaviku heyrnarlausra árið 1958 í Róm á Ítalíu. Á hverju ári ákveða samtökin þema sem unnið er með í kringum alþjóðavíkuna. Áhersla alþjóðavíku heyrnarlausra er að bæta vitund fólks um samfélag heyrnarlausra á ýmsa vegu. Táknmál gerir mig að jafningja var þema alþjóðavíku 2016.

Félag heyrnarlausra vann með þemað og skipulagði málstofu í félagsheimilinu. Á málstofunni var rætt um mastersverkefni Nathaniels Muncie úr málvísindum sem fjallar um útrýmingarhættu íslenska táknmálsins. Hann birti grein um þá staðreynd að táknmálið er í útrýmingarhættu í Döfðblaðinu sem kom út haustið 2016 og vakti athygli á stöðu móðurmáls heyrnarlausra. Greinina má nálgast inn á heimasíðu félagsins www.deaf.is.

Á málstofunni voru þrjár fyrirlestrar. Nathaniel flutti fyrirlesturinn „Á meðan við borum í nefið á okkur“. Fjallaði hann um þá staðreynd að móðurmál heyrnarlausra er í alvarlegri útrýmingarhættu,

ásamt helstu orsakavöldum þess og hvaða leiðir menningar-samfélag heyrnarlausra getur farið til að koma í veg fyrir hættuna. Sigríður Vala Jóhannsdóttir, samskipta-fræðingur, kláraði masterverkefni sitt í sumar og flutti fyrirlesturinn „Tvíeggja sverð“.

Þar kom fram að fólk á að bera ábyrgð á því að yngri kynslóð fari réttar leiðir í samfélag heyrnarlausra. Hún benti meðal annars á nokkrar bækur eins og sögu indjána þar sem minnihlutahópurinn stendur saman um menningu sína á sama tíma og heyrnarlausir félagsmenn eru óvirkir. Hvernig þeir geti kveikt bál í sjálfum sér til að vernda menningu sína á Íslandi fyrir útrýmingarhættu. Árný Guðmundsdóttir, táknmálstúlkur og ritst-



jóri SignWiki, flutti fyrirlesturinn „Kanntu sögu“, þar sem hún benti á heimasíðuna SignWiki sem pólitískan vettavang fyrir umræður þar sem heyrnarlausir geta rætt og rökstutt íslenska táknmálið og fleira.

Málstofan var vel heppnuð og kom niðurstaðan á óvart. Mikilvægt er að halda áfram að virkja málvitund málfarfanna um íslenskt táknmál því það er einn mikilvægasti þátturinn í að verjast útrýmingu táknmálsins.

Viðtal við Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur sviðstjóra táknmálssviðs á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.



Félagið gaf út fjóra þætti í Fréttum vikunnar um útrýminguna því það er einnig nauðsynlegt að útvega efni á íslensku táknmáli fyrir félagsmenn og aðstandendur sem reiða sig á íslenskt táknmál í daglegu lífi. Í þáttunum er fjallað um ástæður og bestu leiðirnar til að viðhalda málinu. Tekin voru viðtöl við fjóra einstaklinga sem gáfu allskonar ráð og bentu á fræðsluefni. Þættirnir eru með íslenskum texta og hvetjum við ykkur til að horfa á heimasíðu félagsins, www.deaf.is.



Að bora eða ekki bora

EFTIR NATHANIEL MUNCIE

LJÓSMYND EFTIR ADAM SKRZESZEWSKI

Undir borðinu safnast gróður af hori á meðan tungumál er að deyja.

Í grein minni sem birtist í síðasta Döffblaði talaði ég um mikilvægi þess að samfélagið grípi til aðgerða við að taka þátt í að bjarga fallega málinu okkar með því að skrá það niður og endurlífga. Skráning tungumáls leiðir til þess að úr verður skjalasafn af tungumálaupplýsingum (upplýsingar um táknmál eru skráðar sem myndbönd). Með frekari vinnu (umritun, umsagnir, o.s.frv.) verður þetta tungumálasafn að málheild.

Íslenskt táknmál hefur enga málheild.

Þið munið kannski eftir ræðu minni síðustu helgi Döff daganna, þar sem ég talaði um mögulega framtíð tungumáls í hættu. Tungumál í hættu stendur frammi fyrir tvenns konar örlögum: útdaða eða endurlífgun.

Mál deyr út þegar næstu kynslóðir hætta að fá kennslu í málinu og fólkinu sem talar það fer fækkandi. Endurlífgun á sér stað þegar næstu kynslóðir byrja aftur að fá kennslu í málinu og fleira fólk notar það með hverjum degi. Ef þið munið, þá benti ég á lykiltríðin sem ráða stefnu tungumáls í hættu:

- Sterk málheild
- Virkt og staðfast samfélag

Tungumálasamfélög sem beita sér fyrir því að bæta við og nota þessa málheild til þess að yfirfæra málið til annarra og verja það, mun líklegra en ekki sjá tungumálið sitt lifa af og blómstra.

Þetta eru lykjar sem loka og læsa hurðinni að útdaða og opna hurð að endurlífgun tungumála. Já eða þegar búið er að þrifa horið og fólk hættir að bora...

En fyrst gætuð þið spurt ykkur: Hver er munurinn á milli tungumálasafns og málheildar? Hvað get ég, sem meðlimur í samfélagi ÍTM, gert til þess að aðstoða við að byggja upp málheild, yfirfæra hana til annarra og ýta undir notkun ÍTM?

Svörin við þessum spurningum fylgja hér á eftir.

Skjalasafn vs. Tungumálaskrá

Tungumálaskrá er skipulagt safn af tungumálaupplýsingum sem eru í langtíma geymslu hjá ákveðinni stofnun (Johnson, 2004; Nathan, 2010).

Ímyndið ykkur nokkra harða diska sem eru fullir af myndböndum sem sýna fólk tala ákveðið táknmál. Einnig skulið þið ímynda ykkur að til þess að nota þessar upplýsingar, þurfi fyrst að fá leyfi og svo þarf að eyða nokkrum klukkutímum eða jafnvel dögum í það að rannsaka hvert og eitt myndband til þess að finna það sem verið er að leita að. Það hljómar ekki mjög einfalt, eða hvað? Þetta er raunveruleikinn hér á landi þar sem slíkar upplýsingar eru geymdar á mörgum mismunandi stöðum, eins og hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH), Háskóla Íslands (HÍ), Ríkisútvarpinu (RÚV), Hlíðaskóla, Sólborg o.fl.

Málheild er tungumálaskrá sem er merkt og gerir tölvu kleift að lesa hana. Einnig er skráin leitarhæf og aðgengileg (Johnston, 2010; Schembri & Crasborn, 2010).

Ímyndið ykkur að þið skráið ykkur inn á vefsíðu til þess að fá aðgang að og horfa á þessi myndbönd sem minnst var á hér að ofan. Einnig skulið þið ímynda ykkur að á meðan horft er á eitt slíkt myndband sé hægt að sjá auka upplýsingar merktar við hvert myndband (lýsigögn) og einnig upplýsingar um hvert tákni sem er borið fram í myndskaiðinu (umritun og umsagnir). Þessar auka upplýsingar um málið í myndböndunum gera manni kleift að skilja tákni og samhengi þeirra jafnóðum.

Þetta er ástæða þess að málheild er mikilvægt tól fyrir rannsakendur og aðra meðlimi samfélagsins til þess að ýta undir áhuga og varðveislu tungumálsins. Rannsakendur geta notað upplýsingarnar til þess að greina lögunina á tungumálinu og fræða aðra um hvernig tungumál virka og hvernig þau eru byggð upp. Kennarar geta notað þessar upplýsingar til þess að þróa betra kennsluefni sem hjálpar við kennslu tungumálsins, hvort sem það er fyrsta mál eða annað. Meðlimir í samfélaginu geta notað þessar upplýsingar á margbreytilegan hátt, t.d. með þýðingu yfir á texta, undirtextum, sýnikennslu, útgáfustarfsemi, námskeiðum, tungumálakennslu, máltöku, rannsóknum, sögu, frásögnum, o.s.v.fr. Möguleikarnir eru endalausir!

Hvað er hægt að gera til að hjálpa?

Það eru endalausar leiðir til að aðstoða við uppbyggingu málheildar. Til að segja ykkur frá öllum þessum mögulegum leiðum þyrfti að skrifa eina bók á ári – til eilífðar. Ástæðan fyrir því eru óendanlegir sköpunarhæfileikar og geta mannfólks til að leysa úr vandamálum. Þegar fólk vinnur saman er hægt að framkvæma alveg ótrúlega hluti!

Hins vegar ætla ég ræða nokkrar raunverulegar leiðir fyrir hvern og einn til að taka þátt í uppbyggingu á sterku tungumálasafni og með tímanum flottri málheild.

- Þjóddu þig fram til að vera tekin upp á myndband að tala íslenskt táknmál. Komið vinum ykkar saman og pantið tíma hjá SHH svo að hægt sé að taka ykkur upp á meðan að þið talið. Skipuleggið viðburði þar sem notendur táknmáls sem fyrsta máls tala saman á náttúrulegan hátt á meðan verið er að taka upp á myndband. Munið bara að allir þátttakendur þurfa að skrifa undir trúnaðar- og birtingarskjöl af ástæðum er varða lög og siðferði.
- Ef þið hafið nú þegar verið mynduð og myndskaiðin skráð í tungumálasafn en þið eigið eftir að skrifa undir samning um trúnað

og birtingu, gerið það sem fyrst! Þetta er mikilvægt skref vegna þess að ekki er hægt að nota efnið í rannsóknir og ekki hægt að nota upplýsingarnar án þess að hafa skrifað undir. Trúnaðarsamningar verja persónuupplýsingar einstaklings; Samningar um birtingu fyrir aðgengileika á hverjir mega sjá og nota hvað.

- Leggið til fjármagn, búnað, eða tíma í málheildina. Ef þið eruð með auka pening, búnað til að gefa eða tíma, hafið þá samband við tungumála sérfræðinga og rannsakendur í samfélaginu og ræðið hvað þarf og hvað er hægt að gera. Mögulega vitið þið um félög, einstaklinga, styrki, sjóði, o.s.fr., sem geta aðstoðað við þróun málheildar. Stuðningsnet í kringum uppbyggingu málheildar skilar miklu.



- Sýnið gott fordæmi og notið táknmál sjálf. Talið íslenskt táknmál við döff og heyrnarskert börn. Hvetjið aðra blíðlega til að nota ÍTM án þess að tala íslensku eða nota önnur táknmál. Deilið sögum með börnum svo þau geti byggt upp minningar og þróað menningarleg tengsl og persónulegt sjálf.
- Sendið bréf eða hittið fagfólk og löggjafa til þess að vekja athygli á erfiðleikum, vandamálum, þörfum og löngun samfélagsins. Oft hefur fólk nóg með sjálf sig en með blíðri áminningu, man það kannski eftir þörfum samfélagsins og kannski nýttir tækifæri sem gefast til jákvæðra breytinga.
- Takið þátt í eins mörgum döff- eða táknmálsatburðum og hægt er og fáið aðra með ykkur í lið. Þegar fólk tekur skrefin saman í stærri hópum munu fleiri og fleiri einstaklingar

bætast við. Þetta er öflug leið til þess að breiða út eldmóð og áhuga.

- Íhugið að fara í tungumálanám eða á námskeið um skráningu tungumála og málheilda. Til eru margar leiðir að læra hvað þarf til í uppbyggingu málheildar. Hafið samband við tungumálasérfræðinga í samfélaginu til að fá hugmyndir og ráð um hvar sé hægt að stunda slíkt nám.

Úr nefinu með puttana og hjálpum ÍTM að blómstra!

Hafðu samband við félög og miðstöðvar:

*Málnefnd um íslenskt táknmál
Laugavegi 13
101 Reykjavík.*

*Rannsóknastofa í táknmálsfræðum
Hugvísindasvið
Háskóli Íslands
Aðalbygging
101 Reykjavík*

*Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
Grensásvegi 9
108 Reykjavík*

*Félag heyrnarlausra
Þverholti 14
105 Reykjavík*

Heimildir:

Johnson, Heidi. (2004). Language documentation and archiving, or how to build a better corpus. In Peter K. Austin (ed.) Language Documentation and Description, vol 2. London: SOAS. pp. 140-153.

Johnston, T. (2010). From archive to corpus: Transcription and annotation in the creation of signed language corpora. International Journal of Corpus Linguistics, 15(1), 104-129.

Nathan, D. (2010). Language documentation and archiving: From disk space to MySpace. In Peter K. Austin (ed.) Language Documentation and Description, vol 7. London: SOAS. pp. 172-208.

Schembri, A. & Crasborn, O. (2010). Issues in creating annotation standards for sign language description. In Proceedings of 4th Workshop on the representation and processing of sign languages: Corpora and sign language technologies, 211-216.

SignWiki

- vopn í baráttunni gegn útrýmingu íslenska táknmálsins

EFTIR ÁRNÝJU GUÐMUNDSDÓTTUR

LJÓSMYND EFTIR ADAM SKRZESZEWSKI

Málhafar íslenska táknmálsins (ÍTM) þurfa að taka þátt í því að vernda og efla málið sitt. Til eru ýmsar leiðir til þess en ein þeirra er að stuðla að varðveislu, skráningu og miðlun þess táknaforða sem finnst í málinu. SignWiki síðan er tæki sem getur stuðlað að þessu en til þess þurfa málhafar ÍTM að vera öflugir í að setja efni inn á síðuna.

Nú eru margir döff í vinnu á ólíkum stöðum og hafa farið í margs konar skóla. Þar með verður til táknaforði sem er ekki almennur, á íslensku eru þetta kölluð íðorð, það væri gott að nota SignWiki til að koma þessum táknaforða til fleiri einstaklinga, ekki síst annarra döff og túlka.

Það er gott fyrir varðveislu ÍTM að safna saman sögum, það geta verið alls konar sögur. Til dæmis minningar frá því þegar þið voruð lítil, einhver myndin atvik sem þið hafið lent í, eitthvað sorglegt sem hefur gerst. Það geta einnig verið sögur sem þið hafið af öðru fólki, eitthvað sem gerðist í útlöndum, þið getið sagt frá skemmtilegri bók sem þið hafið lesið eða góðri bíómmynd.

Af hverju ættu döff að setja efni inn á SignWiki? Það er til þess að safna saman heimildum um ÍTM, hvernig málið er notað í dag – eiga heimildir um hvaða tákni eru notuð í dag en einnig hvaða tákni voru notuð áður fyrr. Þær sögur eða spjall sem sett er inn á SignWiki er hægt að nota sem rannsóknarefni fyrir

þá sem rannsaka málfræði ÍTM. Þeir sem vinna að þeim rannsóknum vilja gjarnan geta rannsakað efni þar sem fólk er að tala venjulega, hvert við annað. Þá er hægt að sjá hvernig táknmálið er notað í afslöppuðu spjalli. Ef döff eru virkir í að setja tákni inn á vefinn sjá þeir sem læra ÍTM hvaða tákni þau eru sem eru mikið notuð, þar með má segja að þeir sem setji tákni inn séu málfræðingur bæði döff barna og fjölskyldna þeirra auk þeirra sem læra táknmál á námskeiðum. Um leið eru það þeir sem hafa áhrif á það hvernig ÍTM þróast til framtíðar.

Endilega takið þátt í að efla ÍTM, vernda það og rannsaka. Sendið okkur efni eða komið í upptökur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) fyrir SignWiki.

Ástæðan fyrir því að við óskum eftir því að sem flestir taki þátt í að safna táknum er sú að það er mikill kynslóðamunur í ÍTM, oft eru ungir döff að nota tákni sem eldri döff finnst alveg ómöguleg – en ef við geymum ekki báðar útgáfunar gæti önnur þeirra gleymst og það væri mjög sorglegt. Stundum er mjög lítil munur á því hvernig tákni er myndað, það gæti bara munað einum fingri eins og í tákni LÖGGA sem sumir gera með vísifingri en aðrir með löngutöng. Svona munur finnst mörgum ekki vera merkilegur, en málfræðingum finnst þetta spennandi og þess vegna er gaman að geyma svona tákni. Það gæti líka verið munur á því hvernig tákni er myndað þegar verið er að tala um það í líffræði í

skóla eða sem starfandi hjúkrunarfræðingur – það er afar dýrmætt að geyma svoleiðis mun og hafa aðgengilegan fyrir alla.

Til þess að koma táknum til okkar má senda tákni til arny@shh.is sem döff taka upp á símann sinn eða spjaldtölvuna sína – það geta verið tákni sem eru ekki til inni á SignWiki eða ólík tákni þeim sem fyrir eru á vefnum. Það er líka hægt að hlaða myndböndum upp á Facebook síðu SignWiki – þaðan getur ritstjórnin tekið myndbandið og sett það inn á SignWiki. Þeir sem vilja ekki vera í mynd á netinu geta sent okkur myndband af sér og við getum látið starfsfólk SHH taka táknið upp aftur til að setja á netið, ef þið viljið það frekar.

Þeir sem ekki treysta sér til að taka upp efni heima hjá sér og senda okkur geta komið til okkar á SHH, bókað tíma með t.d. Tómasi Á. Evertssyni, kvikmyndatökumanni SHH og tekið upp eins mörg tákni og þeim detta í hug. Þá er sniðugt að vera búinn að skrifa þau niður á blað svo maður gleymi ekki hvað maður ætlaði að gera þegar maður er kominn. Það er í lagi að koma tveir eða þrír saman og rifja upp skemmtileg atvik. Þegar svona sögur eru teknar upp er gott að hafa í huga að það er kannski betra að hafa sögurnar margar og stuttar heldur en eina mjög langa – ein saga á netinu getur verið ein til fimm mínútur, það er mjög hæfilegt. Ef sagan er mjög löng er ekki víst að allir hafi tíma til að horfa á hana.

Gagnrýnin vitund um tungumálið: Íslenskt táknmál

EFTIR SIGRÍÐI VÖLU JÓHANNSDÓTTUR

Í tilefni Dags íslenska táknmálsins, sem haldinn verður hátíðlegur 11. febrúar nk, langar mig að sameina tvö uppáhalds umfjöllunarefni mín, tungumál og vitund, í eina grein. Við lestur greinarinnar þá bið ég ykkur að líta inn á við og við lok lesturins, lítið enn innar.

Hvað er málvitund?

Málvitund er hægt að útskýra sem yrta þekkingu um tungumál, meðvitaða skynjun og viðkvæmni í tungumálanámi, tungumálakennslu og tungumálanotkun (Félag málvitundar [Association for Language Awareness], 2016).

Að hafa málvitund stuðlar að jafnréttissýn á tungumál. Með því að ræða mismunandi mállýskur og mismunandi tungumál, og með því að sjá hvernig tungumál breytast og hafa áhrif á hvert annað, getur fólk orðið meðvitað um það að mismunandi tungumál og mismunandi málsnið eða tungumálastílar eru allt jafn árangursríkir samskiptamátar.

Ennfremur er málvitund árangursrík leið til að þróa með sér umburðarlyndi gagnvart máli og menningu annarra. Sem dæmi má nefna augnablikið þegar þið fathið að dóttir ykkar notar íslenskt táknmál (ÍTM) og er þar af leiðandi hluti af samfélagi döf og menningu þeirra. Annað dæmi er að panta táknmálstúlk til þess að geta fundað með döf viðskiptavini. Með því að biðja um túlk er verið að sýna fram á mál- og menningavitund í garð viðskiptavinarins. Hins vegar er gagnrýnin málvitund mikilvægari en málvitund.

Hvað er gagnrýnin málvitund

Méð gagnrýnni málvitund er verið að vísa til skilnings á samfélags-, stjórn mála-, og hugmyndafræðilegum þáttum tungumáls, málvísindalegra tilbrigða og orðræðna (Clark, R. et al 1990).

Gagnrýnin málvitund skoðar hvernig tungumál eða málsnið endurspeglar og viðheldur mismun á valdi og stöðu fólks.

Dagleg mál eru dæmd, óbeint og stundum beint, sem frávik frá hinu venjulega af þeim í valdastöðum. Gagnrýnin málvitund skoðar einnig hvernig notkun meiri- og minnihluta tungumála endurspeglar mismun á valdi og stöðu þeirra sem nota málin. Í meirihluta/minnihluta tungumála aðstæðum verður einstaklingur oft álitinn óæðri ef hann er ekki leikinn í meirihlutamálinu þó hann sé reiprennandi í minnihlutamálinu.

Valdasamskipti eiga sér stað í daglegu tali. Til dæmis eru til tvítýngdir döf einstaklingar sem í ákveðnum aðstæðum skipta yfir í táknmál sem endurspeglar nákvæmt talað mál vegna þess að þau að þeir hafa lært ÍTM sé ekki „lögmaett“ tungumál. Sem annað dæmi má nefna að í mörg ár hefur döf samfélagið þurft að berjast fyrir viðurkenningu ÍTM sem tungumáls vegna þess að fólk sem notar meirihlutamálið sem fyrsta mál hefur verið kennt að sjá ÍTM sem einfaldar kerfisbundnar hreyfingar, eða einskonar óæðri tegund íslenskunnar. ÍTM fékk svo loksins viðurkenningu árið 2011. Dæmin sýna dýpt táknræns ofbeldis sem framið er gegn minnihlutamálinu ÍTM.

Gagnrýnin sýn á tungumál viðurkennir að það eru til virtir samfélagshópar sem nota tungumálið til þess að sýna og viðhalda stöðu og valdi. Gagnrýnin sýn á tungumál er að vera meðvitaður um að tungumál getur borið með sér mismunun, yfirburði, yfirráð og yfirvald. Svona meðvitund leyfir tvítýngda einstaklingnum að vera ekki bara meðvitaður um hvernig tungumál styrkir og býr til yfirburði, heldur einnig að skora á þessar hugmyndir og venjur. Gagnrýnin málvitund getur einnig gefið manneskju, sem notar meirihlutamálið, tækifæri til að öðlast jafnréttissýn á tungumál.

Hvers á að spyrja?

- Hvernig skilgreinir þú sambandið þitt við ÍTM?
- Í þínum huga, hver er staða ÍTM miðað við íslensku?
- Hvernig kynnis þú ÍTM fyrir öðrum?
- Hvað er það sem gerir íslensku gáfulegri, mikilvægari o.s.frv., miðað við ÍTM?
- Í vinnu aðstæðum þínum, hvernig getur þú veitt öðrum tækifæri til að læra og kanna fjölbreytileika tungumáls með því að nota gagnrýna málvitund?

Hvað er hægt að gera?

- Horfið á fjölbreytileika sem tækifæri en ekki galla.
- Leitið að tækifærum til að fá þjálfun í viðfangsefnum gagnrýnar málvitundar og bætið fagleg vinnubrögð ykkar í leiðinni.
- Leggið metnað í öll tungumál
- Hundsið úreltar hugmyndir. Íhugið þessa tilvitnun: „Fyrsta hugsun sem fer í gegnum hugann þinn er það sem þú hefur lært að hugsa; það sem þú hugsar næst skilgreinir hver þú ert.“ (*anonymous*)
- Hafið að markmiði að skynja öll tungumál eða málsnið sem „málfræðilega jöfn“, ekkert mál er málfræðilega betri en annað – öll mál geta borið merkingu og hugmyndir jafn vel og önnur.

Heimildir:

About. (n.d.). Retrieved January 18, 2017, from http://www.languageawareness.org/?page_id=48


Baker, C., & Jones, S. P. (1998). *Encyclopaedia of Bilingualism and Bilingual Education. Multilingual Matters.*

Clark, R., Fairclough, N., Ivanic, R., & Martin-Jones, M. (1990). *Critical language awareness part I: A critical review of three current approaches to language awareness. Language and Education, 4(4), 249-260. doi:10.1080/09500789009541291*

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS

Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kúr. SS sækir úrvals afurðir til Örnú Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.

Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.





LJÓSMYNDIR EFTIR INGIMAR EYFJÖRÐ

Doktor Þórður Örn

Doktorinn lét ekkert stöðva sig í að ná markmiðum sínum

Samfélagið gladdist á árinu með fyrsta döff einstaklingnum sem lauk doktorsprófi. Dr. Þórður Örn Kristjánsson hafði alltaf stefnt að því að ljúka þessu námi og lét ekkert hindra sig í ná markmiðum sínum. Í viðtalinu segir frá rannsókn sinni um dúntekju á Breiðafirði. Foreldrar hans eiga eyjaklasa þar ásamt fleira fólki. Þórður segir einnig frá áformum sínum með framhaldið.

EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON

Í september fluttu fjölmiðlar fréttir af háskólanema sem vakti athygli allra landsmanna. Hann lauk doktorsprófi í líffræði frá líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Það var ekki bara prófið sem vakti athygli heldur að hann er fyrsti döff einstaklingurinn á Íslandi til að ljúka doktorsprófi. Hann heitir Þórður Örn Kristjánsson, ólst upp í Reykjavík og er giftur Völu Gísladóttur. Þau eiga tvö heyrandi börn saman og búa í Ártúnsholti. Heyrnina missti hann vegna veikinda á unglingsaldri og við 18 ára aldur var hann orðinn alveg döff. Það fyrsta sem læknar sögðu honum var að það myndi verða erfitt fyrir hann að ganga menntaveginum. Þórður hafði frá unga aldri séð fyrir sér að ljúka doktorsprófi einn daginn. Hann ákvað strax við heyrnartapið að láta breyttar aðstæður ekki stoppa sig. Í viðtali við Morgunblaðið í september talaði hann

um að í raun snerist þetta allt um val. Maður velur annaðhvort bjartsýni eða svartsýni við heyrnarmissinn. Hann hafði rétt fyrir sér því hugarástand einstaklinga getur ráðið miklu um hvaða leið er farin í lífinu. Ég fékk tækifæri til að spjalla við Þórð og þó ég viti nánast ekkert um líffræði þá var ekki annað hægt en að smitast af áhuga hans fyrir verkefninu.

Dúntekja á Breiðafirði

Þórður dvaldi á Breiðafirði við dúntekju flest sumur þegar hann var barn. Þá kviknaði áhugi hans á fuglafræði. Hann hefur alltaf verið mikill dýravínur en foreldrar hans eiga ásamt öðru fólki eyjaklasann Hvallát. Dúnninn er tekinn úr hreiðrum hjá æðarkollunni og þurrt hey sett í hans stað sem einangrun. Dúnninn er svo hreinsaður og hann svo seldur í alls kyns framleiðslu á vörum eins og

úlpum, svefnpokum o.fl. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á náttúrunni, bæði fuglum og öðrum dýrum og þá hvernig vistkerfi tengjast,” segir Þórður um verkefnið sitt. Þegar hann fór í BS-nám í Háskóla Íslands kom aldrei neitt til greina nema líffræði. Hann lagði áherslu á æðarfugla í masters- og doktorsnámi sem er arðsamasti fugl landsins og hann þekkti vel af eigin raun hvernig dúntekja fór fram. Hvers vegna valdi hann æðarfugl í staðinn fyrir aðra fuglategund fyrir rannsóknarverkefnið? „Æðarfugl er langmesti nytjafugl landsins og Íslendingar eru með um 80% af allri dúntekju í heiminum svo hann er mjög sérstakur miðað við aðrar fuglategundir þar sem hann veltir nokkrum milljörðum fyrir æðarbændur á ársgrundvelli,” segir Þórður um fuglana.



Dr. Þórður Örn er mikill safnari og safnar fuglastyttum og öðrum dýrastyttum á heimili sínu. Hann safnar einnig höfuðkúpum af hrútum og málverkum eftir íslenska listamenn. Sannarlega er upplifunin að vera á heimili eka safnar að koma til Þórðar.

talið. „Oftast segja menn að æðarflugl lifi mest megnis á samlokum og þá helst krækling en hjá okkur var mest étið af svokölluðum nökkva sem er bertálkni og allt annars konar skeldýr,” segir Þórður. Hann sagði einnig að hegðun fluganna hafi verið flóknari í ofurþéttu varpi þar sem hreiður voru mjög nálægt hvert öðru og sýndu þeir af sér samhjálp þar sem fleiri en ein kolla lá á hverju hreiðri. Samhjálpin gæti m.a. verið tilkomin vegna mikils fjölda dúnflóa í þéttum vörpum, fuglarnir höfðu þá meiri tíma til að fara af hreiðrinu til að snyrta sig og týna af sér flærnar á meðan aðrar kollur hugsuðu um hreiðrið. Niðurstöðurnar voru aðrar en Þórður Örn bjóst við.

„Dúntekjuniðurstöðurnar komu okkur talsvert á óvart því við höldum að hún myndi auka á orkunotkun fluganna, sem sagt að kollur þar sem búið var að fjarlægja dún myndu léttast hraðar en þær sem fengu að halda sínum dún alla áleguna. Munurinn er enginn í okkar rannsókn og teljast það góðar niðurstöður fyrir dúntekjubændur enda vilja þeir fuglinum allt hið besta,” segir hann.

Eins og við öll vitum þá hafa loftslagsbreytingar verið miklar í heiminum nýlega og ég velti fyrir mér hvort það haft nokkuð áhrif á dúntekju. Ég spurði Þórð hvort breytt gróðurhúsaáhrif hafi haft einhver áhrif á dúntekju en hann skoðaði ekki áhrif loftslagsbreytinga í sinni rannsókn. Það þarf að fara fleiri áratugi aftur í tímann til að greina þessar breytingar. „Það virðist samt vera að æðarflugl og margir aðrir fuglar á Íslandi séu byrjaðir að verpa fyrir á vorin en áður sem tengist hækkandi hitastigi en það er einmitt gott fyrir fugla að verpa snemma og unga út sem fyrst til að nýta sumarið til að fita sig og unguna því þá er hærrí lifun hjá þeim á haustin,” segir Þórður.

Námsferlin og námslok

Á meðan hann var í háskólanámi notaði hann blöndu af túlkapjónustu, táknmálstúlk og rittúlk. Rittúlkun hentaði honum best í fyrirlesturum en táknmálstúlkun í verklegum tímum. „Það er mjög mikilvægt að hver og einn hafi þetta val um að nota annað hvort eða þá blöndu af táknmáls- og rittúlkun enda eiga bæði túlkunarformin jafnrétt á sér fyrir okkur,” segir Þórður. Hann upplifaði ekki mikla hindrun á skólagöngu sinni þar sem

En það sem vakti áhuga hans á að fara í rannsókn á dúntekju var að dúnn er seldur sem umhverfisvænn þar sem hann hefur ekki neikvæð áhrif á æðarfluglinn þegar hann er fjarlægður en það vantaði rannsóknir sem gátu sýnt fram á að þetta sé rétt eða hreinlega rangt. „Við skoðuðum því hitasveiflur í æðarhreiðrum með og án dúns, varpáangur hreiðra með og án dúns og að lokum hvort dúntekja myndi auka þyngdartap hjá æðarfluglinum en hann étur ekkert á álegu heldur sveltur sig þessa 24 til 25 daga sem tekur að unga út eggjum,” segir hann. Einnig var fæðuval á Breiðafirðinum athugað, hegðun fugla í ofurþéttu æðarvarpi og áhrif magns dúnflóa á fuglinn en flærnar sjúga úr þeim blóð og pirra hann. Þó ég viti varla neitt um líffræði þar sem það er ekki á mínu sviði en það er ekki annað hægt en að hrífast með Þórði og smitast af áhuga hans. Dúntekjuhlutinn er bara einn kafli af þessari stóru rannsókn og er rannsóknarverkefni hans greinasafn og því ekki bara dúntekjuskoðun. Þórður tók fram að að sá hluti tók hann tvö ár af gagnasöfnun og 1 ár í greinaskrif. Doktorsverkefnið heitir Varpvistfræði æðarflugls (*Somateria mollissima*) við Breiðafjörð á íslensku.

Niðurstöður talsvert óvæntar


Eftir rannsóknarverkefnið kom það fram að dúntekja virðist hafa lítil sem engin áhrif á fuglinn. Hitasveiflur og varpáangur er sá sami og fuglar misstu ekki meira magn þyngdar þar sem dúntekja átti sér stað. Það sem kom einnig á óvart í rannsókninni var fæðuval breiðfirska æðarflugla allt annað en áður hefur verið

Háskóli Íslands var alltaf tilbúinn til að hlusta og láta reyna á hvernig best væri að haga náminu eftir hverjum og einum. Þórður talaði um að kennarar hafi verið mjög duglegir að hafa kennsluefni tiltækt á netinu og því sitjum við döff að miklu leyti við sama borð og aðrir nemendur þegar kemur að náminu.

Fyrir utan námið hefur hann haft mikla þörf fyrir að komast út á veiðar hvort sem það eru skotveiðar eða stangveiðar og hann hefur einnig mjög gaman af því að elda bráðina. Aðaláhugamál hans hefur alltaf verið hundar og hundapjálfun þar sem hann á hund og þjálfar hann til veiðanna.

Eftir að hann lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands hefur hann unnið að tveim greinum til birtingar erlendis. Önnur er unnin upp úr hluta af doktorsverkefninu en hin er unnin úr gögnum úr snjógæsavarpi í Kanada. „Ég er að skrifa þá grein með kanadískum doktor sem safnaði þeim gögnum á sínum tíma en var ekki búin að vinna úr þeim,” sagði Þórður. Með snjógæsavarpi er hann að skrifa greiningu á smádyrum sem lifa í hreiðrum snjógæsa í Kanada og þetta er unnið í samstarfi við reyndan doktor í andfuglum sem er prófessor við Louisiana háskólann í Bandaríkjunum. Haustið hans hefur verið farið í að undirbúa næstu skref og búa til tvö verkefni sem tengjast þessum rannsóknum og hann vill reyna fá svör og sækja um styrki til að fjármagna þau næsta vor.

Þegar ég spurði hann að lokum um hvort hann væri með einhver skilaboð til lesenda þá sagði hann: „Ekki láta neinn segja við ykkur að hlutirnir verði of erfiðir eða þið getið þá ekki. Það skiptir engu máli hvort það sé í námi, leik eða starfi. Það þarf kannski að fara annars konar leið að takmarkinu en fullheyrandi fólk fer en við getum öll náð þeim markmiðum sem við setjum okkur ef við erum tilbúin að vinna að þeim.” Ekki er ljóst hvenær hann sækir um fastráðningu enda vill hann helst fá vinna við sínar eigin rannsóknir en þá þarf að komast í samstarf eða fá styrki til að dekkja kostnað við vinnuna.



„Ekki láta neinn segja við ykkur að hlutirnir verði of erfiðir eða þið getið þá ekki. Það skiptir engu máli hvort það sé í námi, leik eða starfi. Það þarf kannski að fara annars konar leið að takmarkinu en fullheyrandi fólk fer en við getum öll náð þeim markmiðum sem við setjum okkur ef við erum tilbúin að vinna að þeim,” segir Þórður.



EFTIR RANNVEIGU SVERRISDÓTTUR
LEKTOR Í TÁKNMÁLFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þróun og endurskoðun námskrár í táknmálfræði og táknmálstúlkun

Nú stendur yfir endurskoðun námsins í táknmálfræði og táknmálstúlkun við Háskóla Íslands og fer sú endurskoðun, eðli málsins samkvæmt, mest fram með minni vinnu sem eina fasta kennara og greinarformanns námsgreinarinnar. Endurskoðun á námskrá verður þó aldrei eins manns verk og bý ég sem betur fer að góðusamstarfi við Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem skiptir gríðarmiklu máli í svona verkefni. Í þessari grein verður sagt frá markmiðum verkefnisins, tilurð þess og stöðu auk þess sem hugtakið námskrá og hlutverk háskóla verður reifað.

Af hverju endurskoðun?

Haustið 2016 voru liðin 15 ár frá því að táknmálfræði og táknmálstúlkun varð föst námsgrein við Háskóla Íslands og um síðustu áramót voru 15 ár frá því að ég tók við starfi lektors í greininni. Áður hafði námsgreinin verið kennd í fjögur ár sem tilraunaverkefni (1994-1998). Þó námsgreinin hafi tekið ýmsum breytingum, bæði í námskeiðaframboði, kennsluháttum, kennurum og öðru þá hefur hún í grundvallaratriðum verið eins í gegnum árin. Nemendafjöldi var nokkuð stöðugur í mörg ár en haustið 2013 varð veruleg fækkun skráðra nemenda og hefur nemendafjöldi verið mjög lítil undanfarin ár. Þetta tvennt sem og kall frá vettvanginum, Félagi heyrnarlausra um samvinnu vegna breyttra þarfa samfélagsins varð kveikjan að þeirri endurskoðun sem hér er lýst. Sumarið 2015 settist ég niður með Valgerði Stefánsdóttur forstöðukonu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og

heyrnarskertra, til að ræða um hvernig námsgreinin gæti betur komið til móts við þarfir samfélagsins en Valgerður var ein af þeim sem komu að undirbúningi námsleiðarinnar þegar henni var komið á fót og þekkir táknmálssamfélagið vel. Síðar um haustið boðaði formaður Félags heyrnarlausra, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, umræðufund til að ræða sömu mál því, eins og fram kom á þeim fundi, hefur margt breyst í samfélaginu sem kallar á breytingar í menntun á sviði táknmálsins. Það má því segja að þetta þrennt, „aldur“ námsins, fækkun nemenda og ákall frá vettvanginum hafi verið kveikjan að þessari endurskoðun.

Árin 2014-2016 stundaði ég svo nám í kennslufræði háskóla við HÍ og í lokanámskeiði þess náms sem fjallaði um kennsluþróun og starfendarannsóknir, gafst mér tækifæri til að vinna betur að þessu verkefni. Það námskeið gaf mér faglegar forsendur og rannsóknartæki til að vinna að þessari endurskoðun.

Án leiðbeiningar og þeirrar umgjörðar sem námskeiðið veitti hefði ég aldrei náð að setja endurskoðunina á það plan eða í þann farveg sem hún er nú í. Endurskoðuninni er langt frá því að vera lokið. Gagnasöfnun er rétt hafin og greining og túlkun gagna ekki hafin. En rannsóknaráætlun liggur fyrir og ég hef byggt upp ákveðna þekkingu sem mun vonandi verða til þess að endurskoðunin megi vera sem áhrifaríkust og faglegust.

Markmið og rannsóknarspurning

Markmiðið með þessu rannsóknarverkefni er að endurskoða og þróa námskrá námsgreinarinnar Táknmálfræði og táknmálstúlkun og er rannsóknarspurningin sem leitað er svara við þessi: *Hvernig getur námsgreinin táknmálfræði og táknmálstúlkun betur svarað þörfum vettvangsins og um leið staðið vörð um þau gæði og kröfur sem gerðar eru til háskólamenntunar?*

Í upphafi, þegar náminu var komið á fót, var markmið námsgreinarinnar að mennta og renna stöðum undir starf tákmalstúlka, en engin slík menntun var til hérlendis, en einnig að styðja við rannsóknir á íslenska tákmalinu. Í samfélagi nútímans þar sem breytingar eru hraðar er ekki ólíklegt að á 15 árum hafi markmiðið breyst eða orðið annað. Það var vissulega þörf á því að koma á háskólamenntun fyrir tákmalstúlka og mun sú menntun aldrei verða óþörf þó staðan sé mjög ólík því sem var í upphafi náms og menntaðir tákmalstúlkar hafa aldrei verið fleiri. Það má hins vegar velta fyrir sér hvort þörf sé á því að mennta tákmalstúlka jafnört og verið hefur eða hvort nóg sé að bjóða upp á námið sjaldnar en nú er gert. Starf tákmalstúlksins hefur líka breyst og nauðsynlegt að taka það með í reikninginn þegar námið er endurskoðað. Í upphafi tíunda áratugs síðustu aldar voru rannsóknir á íslenska tákmalinu litlar sem engar.

Þó tákmalíð sé langt frá því að vera fullrannsakað (ekki einu sinni „vel“ rannsakað) þá hefur líka orðið fjölgun í þeim mannskap sem hefur menntun og færni í að rannsaka íslenska tákmalíð. Það er því óhætt að segja að markmiðin frá 1994 hafi náðst og nú sé tímabært að setja verkinu ný og háleitari markmið. En hver ættu þau þá að vera? Áður en fjallað verður um hvernig leitað verður svara við þeirri spurningu er rétt að ræða um hlutverk háskóla og um hugtakið *námskrá*.

Hvað er námskrá?

Námskrá er flókið hugtak og eru oft um hana hugmyndafræðileg átök. Námskrá háskólagreinar getur aldrei innhaldið alla mögulega þekkingu innan fræðigreinarinnar og þá þarf að velja úr og forgangsraða og ekki víst að allir séu á eitt sáttir um hver niðurstaðan á að vera. Fraser og Bosanquet (2006) segja hugtakið notað á mismunandi hátt, sumir háskólakennarar telji námskrá taka til inntaks og skipulags námskeiða á meðan aðrir álíti það fela fleira í sér, eins og námsreynslu nemenda og kennslufræðileg atriði. Skortur á sameiginlegum skilningi og notkun hugtaksins hindrar að breytingar og þróun eigi sér stað. Í svipaðan streng taka Barnett og Coate (2005) sem segja að ólík sjónarmið á námskrá kalli á ólíka útkomu og það skipti máli hvort lítið sé á námskrána sem það sem kemur út úr námi, svokölluð hæfnivíðmið, hvort námskráin snúist um menninguna í hverju fagi, hvort líta eigi á nemendur sem neytendur og svo framvegis. Guðrún Geirsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir að lítið sé um námskrárrannsóknir á háskólastigi (2012). Mikilvægt sé að gera námskrágerð hærra undir höfði og vekja athygli háskólakennara á því

valdi sem þeir hafa yfir námskránni og gerð hennar. Guðrún gerði samanburð á námskrám þriggja háskólagreina við Háskóla Íslands og segir hún námskránnar mjög ólíkar og að þær dragi fram ólíka menningu deilda og greina.

Það er ljóst að námskrárhugtakið er flókið og að mörgu er að huga þegar endurskoða á námskrá kennslugreinar. Samkvæmt Ashwin o.fl. (2015) ættu námskrár að vera í stöðugri endurskoðun og því alls ekki greiptar í stein. Aswhin o.fl. (2015) ræða líka um það hvað námskráin eigi að innihalda og hvaða merkingu við leggjum í það að einhver sé „útskrifaður“ úr námi. Þessi spurning er veigamikil þegar kemur að menntun tákmalstúlka. Á „útskrifaður“ tákmalstúlkur að geta tekist á við öll verkefni sem koma á borð túlka? Eða á hann að námi loknu að búa yfir ákveðinni þekkingu og hugsun sem munu auðvelda honum að læra inn á starfið þegar hann hefur störf? Hversu mikilvæg er starfsreynslan og hvað getum við reiknað með að túlkaneminn læri og læri „ekki“ í náminu?

Er markmið námsins kannski einmitt að útvega nemendum „verkfæri“ til að takast á við hlutina þegar komið er í raunverulegar aðstæður? Þetta rifjar upp þá umræðu sem oft heyrst um nýútskrifaða tákmalstúlkur, um starfsþjálfun túlkanema og um lögverndun starfsheitisins tákmalstúlkur. Ekki er rými til að fara út í þá umræðu hér en endurskoðun námskrár í tákmalstúlkun þarf að taka til greina hversu mikla starfsþjálfun túlkanámið á að fela í sér og skilgreina hvað útskrifaður tákmalstúlkur eigi að geta. Hvort túlkurinn sem fær í hendur BA skírteinið sitt eigi að vera fær um að takast á við allar aðstæður og allar gerðir túlkunar. Eða hvort starfsþjálfun eigi að taka við að lokinni útskrift.

Þetta eru spurningar sem þarf að svara og eitt svarið felst í því að ákveða hvað námskrá tákmalstúlkanáms á að fela í sér. Endur- og símenntun túlka er annað brýnt atriði og í endurskoðun sem nú stendur yfir þarf að velja fyrir sér hvernig við getum komið til móts við starfandi túlka.

Hlutverk háskóla

Irannsóknarspurningu verkefnisins segir að skoði eigi hvernig staðinn verði vörður um þau gæði og kröfur sem gerðar eru til háskólamenntunar jafnframt því sem betur eigi að svara þörfum vettvangsins. Það er mjög mikilvægt að við stöndum vörð um gæði háskólanámsins og lítum til þess hvert hlutverk háskóla er og hvert markmið háskólanámsins sé. Stendur þá

nærri að vísa til Páls Skúlasonar heitins en hann var prófessor í heimspeki við HÍ um árabíl og rektor á árunum 1997-2005. Páll var því rektor þegar námið hófst sem fullgild námsgrein til BA prófs við HÍ og studdi hann það á ýmsan hátt. Páll fjallaði mikið um hlutverk háskóla og sagði m.a. að...

„...háskólar eigi að vera helgaðir fræðimennsku sem fólgin er í iðkun gagnrýnnar hugsunar og beinist að þekkingunni í hinum ýmsu myndum í þeim megintilgangi að efla mennsku okkar og menningu.“ (Páll Skúlason 2014:14).

Páll segir einnig að hlutverk háskóla líti að „...þekkingu, öflun hennar, miðun og varðveislu“ (2014:13). Hér kristallast einmitt eitt meginmarkmið námsgreinarinnar, að afla þekkingar um íslenskt tákmal, málsamfélagið og menningu þess og um túlkun frá og yfir á íslenskt tákmal. Jafnframt að miðla þessari þekkingu, bæði til nemenda og almennings og varðveita, bæði málið, upplýsingar um þróun þess og um menningu döf á Íslandi. Þetta eru að mínu mati mjög mikilvæg markmið sem námsgreinin á að hafa í hávegið og þarf endurskoðunin að taka mið af því hvort greinin geri þetta eða hvort eitthvað þurfi að bæta eða einhverju að breyta.

Við endurskoðunina er líka brýnt að líta til stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 og hverjar áherslurnar eru í starfi skólans. Í stefnunni eru settar fram áherslur HÍ21 (bls. 8) og þar er talað um að sýn skólans á bæði nám og kennslu sé framsækin enda býr HÍ nemendur undir þátttöku bæði í atvinnu- og þjóðlífi.

Þessi áhersla talar vel til tákmalfræðinnar enda erum við að mennta fólk til atvinnu á sviði tákmalstúlkunar og til þátttöku í þjóðlífi



sviði íslenska táknafræðis og döfð menningar. Í stefnunni (bls. 14) er einnig fjallað um virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi og m.a. sagt að faglegar einingar skuli skilgreina „...eðli, umfang og ábyrgð á sambandi við starfsvettang sinn í tengslum við nám, rannsóknir og símenntun“. Með endurskoðun námskrár í samvinnu við vettvanginn, Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er verið að vinna að þessu markmiði og er það von mín að við getum styrkt og aukið samstarfið við vettvanginn og samfélagið allt, enda er það öllum aðilum til hagsbóta.

Aðferðarfræði – viðtöl:

Til að ná fram viðhorfum og sjónarmiðum sem flestra hópa og einstaklinga hef ég ákveðið að safna gögnum í þessa rannsókn með viðtölum. Annars vegar verður um að ræða svokölluð rýnihópaviðtöl við nokkra hópa en þau þykja tilvalin til að ná fram margvíslegum viðhorfum og reynslu og þegar verið er að sækjast eftir ólíkum sjónarmiðum en ekki sameiginlegu áliti. Þau eru leið til að hlusta á fólk og læra af því og eru algengt í rannsóknum þegar viðhorf minnihlutahópa eru könnuð (Sóley Bender 2013, Krueger 1998). Til að ná til sem flestra þá hef ég ákveðið að tala við fólk úr samfélagi döfð og dauflindra, við útskrifaða nemendur, við kennara í náminu og við yfirmenn innan HÍ. Þar sem sumir þessara hópa eru smáir er ekki alltaf hægt að taka hópviðtöl og verða því einhver viðtölin við

einstaklinga eða pör. Nú þegar hefur verið tekið rýnihópaviðtöl við tvo hópa útskrifaðra nemenda, annars vegar nemendur sem hafa lokið námi í táknafræði og táknafræðistúlkun, þar tóku sjö útskrifaðir táknafræðistúlkur þátt. Hins vegar var rætt við hóp þeirra sem útskrifast hafa með táknafræði sem aðalgrein en hafa tekið aukagrein í öðru fagi, í þann hóp mættu fjórir útskrifaðir nemendur. Einnig hafa verið tekin viðtöl við táknafræðikennara og dauflindra túlkanotendur en stóra verkefnið framundan er fá fólk úr döfð samfélaginu í rýnihóp. Þegar gögnum hefur verið safnað innan vettvangsins verður tekið viðtöl við forseta Hugvísindasviðs og Íslensku- og menningardeildar. Öll viðtöl eru tekin upp á myndband eða hljóð og er efnið skráð af mér sjálfri og svo greint og túlkað. Notast er við táknafræðistúlka þar sem þörf þykir en Félag heyrnarlausra og SHH leggja mér líka lið í rannsóknunum á ýmsan hátt. Þá hefur starfmaður Kennslumiðstöðvar HÍ verið með mér í tveimur viðtölum sem tekin hafa verið.

Lokaorð

Endurskoðun námskrár í táknafræði og táknafræðistúlkun er tímabær og mikilvægt er að hún verði unnin í samráði við vettvanginn. Niðurstöður liggja ekki fyrir enda söfnun gagna ekki enn lokið en þær verða kynntar samfélaginu þegar þar að kemur. Á vormisseri 2017 mun ég í samvinnu við Félag heyrnarlausra auglýsa eftir fólk úr samfélagi döfð sem er tilbúið að leggja sitt af mörkum með þátttöku í rýnihópaviðtölum. Reynsla túlkanotenda verður að komast til skila eigi hún að hafa áhrif. Ég hlakka til samvinnu við félagsmenn í þessu verkefni.

Heimildir
Ashwin, Paul o.fl. 2015. Reflecting Teaching in Higher Education. Bloomsbury, London.

Barnett, R. og Coate, K. 2005. Engaging the curriculum in higher education. SHRE og Open University Press, Buckingham.

Fraser, S.H. og Bosanquet, A.M. 2006. The curriculum? That's just a unit outline, isn't it? Studies in higher education, 31(3), 269-284.

Guðrún Geirsdóttir. 2012. Hlutverk háskólakennara í námskrágerð. Uppeldi og menntun, 21(2), 139-162.

Krueger, Richard A. 1998. Developing Questions for Focus Groups. Sage Publications, Thousand Oaks.

Páll Skúlason. 2014. Háskólapælingar. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sóley S. Bender. 2013. Samræður í rýnihópum. Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.): Handbók í aðferðarfræði rannsókna, bls. 299-312. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

Stefna Háskóla Íslands 2016-2021, pdf skjal sótt 20. janúar 2017 á vefslóð http://www.hi.is/sites/default/files/bgisla/stefna_hi21_baeklingur_endanlegur.pdf

Hvað hugsa nemendur í táknafræði í upphafi náms?

Sýn nýnema á menningu döfð og stofnanir og félög innan samfélagsins.

Nemendur sem hefja nám í táknafræði við Háskóla Íslands koma af ólíkum ástæðum. Suma langar að verða túlkar, öðrum finnst námið bara hljóma spennandi en allir eiga þeir þó sameiginlegt að hafa áhuga á því að læra táknafræði. Nemendurnir hafa sumir lært táknafræði í framhaldsskólum eða hjá SHH en staðreyndin er hins vegar sú að mjög fáir þeirra þekkja einhvern heyrnarlausan og sjaldan eiga þeir döfð ættingja. En þekkja nýir nemendur menningu og sögu döfð? Sumir vita eitthvað, kannski um táknafræðistúlkun

eða að húmor döfð er öðruvísi en húmor heyrandi. Fáir þeirra hafa hins vegar þekkingu á sögu döfð eða geta sagt hvað döfð menning felur í sér. Hér á eftir fara pistlar tveggja nemenda sem sátu námskeiðið Menning og saga heyrnarlausra I á haustmisseri 2016:

Eitt af því sem nemendur eru beðnir að velja fyrir sér í upphafi námskeiðsins er það hvað þeir telji að heyrandi viti almennt um menningu döfð. María Árdal Friðriksdóttir skrifar um það:

Ég tel að heyrandi fólk viti svona sitt lítið af hverju um hina íslensku döfð menningu. Flestir vita að heyrnarlausir eru fámennur menningarhópur í íslenska samfélaginu með eigið tungumál, táknafræði. Margir halda að íslenskt táknafræði og íslenska séu í raun sama tungumálið með sömu málfræði, en það er misskilningur. Einnig er misskilningur að táknafræði sé alþjóðlegt. Flest allir Íslendingar kannast við táknafræðifréttirnar á RÚV og þekkja merki Félags heyrnarlausra en félagið hefur lyft grettistaki í fræðslu og stuðningi við



Frá vinstri er Bryndís Ýr Ingvarsdóttir og María Friðriksdóttir Ardal háskólanemar á fyrstu ári í táknafræði við Háskóla Íslands ásamt Rannveigu Sverrisdóttur lektor.

Mín skoðun er sú að Samskiptamiðstöðin hafi ekki aðeins samfélagslegt gildi fyrir döff, heldur einnig

heyrnarlausu og fjölskyldur þeirra. Þá er klapptáknið almenningseign.

Einnig standa margir í þeirri meiningu að heyrnarlausir geti fyrirhafnarlítið lesið af vörum og jafnvel talað að einhverju leyti en það er ekki algilt. Margir kannast við nafnið Heyrnleysingjaskólinn og að starfsemi hans er nú runnin inn í Hlíðaskóla. Færri vita hins vegar af leikskólanum Sólborg sem sérhæfir sig í notkun táknafræði.

Ætla verður að fjöldinn geri sér grein fyrir að döff einstaklingar eru því miður enn þann dag í dag talsvert einangraðir frá hinu almenna íslenska samfélagi, ekki síst vegna þess að heyrandi einstaklingar kunna lítið fyrir sér í táknafræði. Hafi þannig myndast ákveðinn núningur milli heyrandi og heyrnarlausra. Þá hefur heyrandi fólki þótt óþægilegt að tala við heyrnarlausu, kunnandi ekkert í táknafræði, ekki síst í fjölmenni.

Áður fyrr var lenska að álíta heyrnarlausu heimsku þ.e.a.s. þeir gátu ekki tjáð sig með raddmáli. Þetta hefur hinsvegar breyst eftir að hugmyndir manna um táknafræði breyttust og fleiri og fleiri fóru jafnvel að kunna eillítið fyrir sér í táknafræði. Í dag vita flestir að heyrnarlausir eru eins og annað fólk og nýta sér bæði menningu og listir í víðasta skilningi þessara orða. Það væri lítil menningin ef ekkert væri tungumálið.

Með tilkomu nýjustu tækni síðustu ára hafa þróast mikið af hjálpargögnum sem gagnast heyrnarlausum sérstaklega vel. Til dæmis símar sem gegna stóru hlutverki í samskiptum döff einstaklinga og eru þeir það þróaðir að heyrnarlausir geta talað saman á táknafræði í síma. Í stað raddmálsins er þá notast við „facettime“. Með þróun rafeinda- og tölvutækinnar verður ekki séð fyrir endann á þróun þess tækjabúnaðar sem nýtast mun heyrnarlausum í framtíðinni.

Því má segja að heyrandi einstaklingar telji sig vita eitt og annað um döff menningu – sem margir jú gera – en mjög oft er það frekar yfirborðskennt og reyndar einnig oft byggt á ranghugmyndum.

Annað sem nemendur gera í námskeiðinu er að heimsækja Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í framhaldi eru þeir beðnir að velja fyrir sér gildi þessara tveggja staða fyrir döff. Bryndís Ýr Ingvarsdóttir skrifar um það:

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur mjög mikilvægt gildi fyrir þá sem eru döff og meginhlutverk SHH er að stuðla að því að þeir sem eru döff og reiða sig á táknafræði fái tækifæri á þjónustu sem er veitt í þjóðfélaginu á grundvelli táknafræðisins og gerir það með rannsóknum á íslensku táknafræði og kennslu þess, mati á færni, námsefnisgerð og framleiðslu á menningarefni fyrir döff.

Samskiptamiðstöðin heldur reglulega námskeið fyrir foreldra heyrnarlausra barna og almenning en þó eru börn á máltökuvaldri og skólaborð höfð í forgangi þar sem þau eru langmikilvægasti markhópurinn til að læra táknafræði og námskeiðin eru haldin einu sinni í mánuði, helst um helgar, og einnig er boðið upp á fjarnámskeið sem er sérstaklega ætlað þeim foreldrum sem búa úti á landi.

Ásamt námskeiðunum sér SHH einnig um að þýða, framleiða og gefa út efni á táknafræði, og hefur einnig verið í samstarfi við Greiningarstöð ríkisins og Heyrnar- og talmennastöð Íslands, og býður einnig upp á aðra þjónustu tengda samskiptum á íslensku táknafræði og stuðlar þannig að þátttöku döff fólks í íslensku samfélagi.

menntalegt gildi þar sem hún framleiðir og gefur út námsefni, bækur, þýðir söng- og les- og leiktexta á íslensku táknafræði, sem er mjög mikilvægt fyrir döff einstaklinga svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélagi heyranda. Það væri ekki sanngjarnt gagnvart döff að fá ekki að læra það sama og heyrandi ef þeir fengu ekki tækifæri til þess, eða hvað? Nei, og því segi ég að döff eiga sama rétt á að fá tækifæri til náms, líkt og heyrandi.

Félag heyrnarlausra hefur aftur á móti félagslegt gildi fyrir döff einstaklinga því félagið er hagsmunasamtök sem veitir ráðgjöf og álit á málefnum döff einstaklinga, hefur hagsmuni þeirra að leiðarljósi og tryggir þeim jafnræði í samfélaginu.

Áður en Félag heyrnarlausra var stofnað hittust döff einstaklingar heima hjá hver öðrum vegna þess að það var enginn staður þar sem þeir gátu farið á, og töluðu um lífið og tilveruna, en þó var salurinn að Þingholtsstræti 8 helsti samkomustaður döff þar sem komu saman 20-30 manns. Þann 31. ágúst árið 1952 var stofnað sérstakt félag fyrir döff, sem var því miður ekki langlíf, því eftir aðeins sex mánuði var það lagt niður. Aftur var reynt að stofna félag fyrir döff og fengu stofnendur skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, Brand Jónsson, til liðs við sig, og eftir aðeins nokkra mánaða undirbúning var boðað til stofnfundar félagsins í Heyrnleysingjaskólanum þann 11. febrúar árið 1960, og úr því varð að 33 einstaklingar, sem mættu á stofnfundinn, gengu í félagið.

Mín sýn á SHH og Félag heyrnarlausra, sem heyrandi að kynnast döff samfélagi, er sú að þessir tveir staðir hafa mjög mikilvægt gildi fyrir döff, bæði hvað varðar réttindi, hagsmuni þeirra og menningu.

Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknafræði, ritaði inngang

Hún skelli hló

Ungur og öflugur döff hárgreiðslumeistari og förðunarfræðingur opnar sína eigin stofu í Hafnarfirði þar sem hún býður viðskiptavinum flotta hárgreiðslu og gott skap. Talið er að hún sé fyrsti döff hárgreiðslumeistarinn á Íslandi sem opnar sína eigin stofu.

EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON

Hárgreiðslumeistari og förðunarfræðingurinn er tveggja barna móðir og gift. Hún lét gamlan draum rætast og opnaði eigin hárgreiðslustofu í kjallara hússins síns í gamla bænum í Hafnarfirði. Hún heitir Hanna Lára Ólafsdóttir og er 31 árs gömul. Hún hefur lengi haft áhuga á förðun og hárgreiðslu. Hún ólst upp í leiklistarheiminum þar sem amma hennar og afi voru leikarar og einnig frænka hennar. Hún fékk oft að taka þátt í leikhúsinu og fara baksviðs. „Ég man svo vel eftir að ég upplifði svo margt þegar ég var yngri og fannst allt svo spennandi við leikhúsið,” segir Hanna. Talið er líklegt að hún sé fyrsti döff hárgreiðslumeistari á Íslandi sem opni sína eigin stofu.

Fatahönnun var í planinu

Hanna ætlaði í fatahönnun í Tækniskólanum, eða Iðnskóla Reykjavíkur eins og skólinn hét áður, en hún sá fyrir sér að námið yrði tímafrekt og ákvað að fara frekar í hárgreiðslu. „Ég er mikil félagsvera og ég er góð höndum, litum og að nota hugmyndaflugið svo ég lenti alveg á réttri hillu,” segir hún. Hanna lauk sveinsprófi árið 2006 og fékk í framhaldinu verkefni þar sem hún sá um hárgreiðslu leikara í leikritinu Óþelló í Borgarleikhúsinu en Elsa G. Björnsdóttir fór með aðalhlutverk.

„Stór hluti af innblæstrinum var að leikararnir voru opnir, forvitnir og skemmtilegt fólk. Ég var svo heppin að búa að hárgreiðslubakgrunninum þegar ég ákvað svo að læra leikhúsförðun,” sagði Hanna.

Hún fékk alls konar verkefni eftir sveinsprófið og lauk hárgreiðslumeistaránámi árið 2008. Svo fór hún í Kennaraháskólann til að bæta við sig kennararéttindum og lauk því námi árið 2011. Eftir það vann hún að fjölbreyttum verkefnum eins og brúðargreiðslur, ýmis verkefni tengd tískuheiminum og í Þjóðleikhúsinu.

Síðar tók hún ákvörðun um að flytja til Noregs til að fara í förðunarnám. Þar hafði hún alist upp ásamt fjölskyldu sinni. Skólinn er staðsettur í Osló og heitir Imageakademiet. Hann er elsti förðunarskólinn í Noregi. Ástæða hennar fyrir flutningum til Noregs var sú að í Imageakademiet er hægt að fá alþjóðlegt diploma fyrir eins árs fullt nám. „Þarna lærði ég allt sem tengist förðun í sjónvarpi, leikhúsum og kvikmyndum. Farið var sérstaklega í förðun í sjónvörpum, leikhúsum og kvikmyndum og „special effects” við að búa gervi. Fjölmörg verkefni eru svo unnin hjá skólanum í samstarfi við fyrirtæki til að fá reynslu,” sagði Hanna. Hún talaði einnig um að förðunarnámskeið á Íslandi séu frekar stutt eða aðeins 14 vikur. Þar af

leiðandi vildi hún frekar fara erlendis í námið.

Ný hárgreiðslustofa

Eftir að hún lauk námi sem förðunarfræðingur árið 2013, vann hún að mörgum verkefnum í leikhúsi. Síðar sneri hún aftur til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og keypti hús í gamla bænum í Hafnarfirði. Hana hafði alltaf dreymt um að opna sína eigin hárgreiðslustofu og ætlaði að opna út í bæ en ákvað að byrja á einu skrefi með því að opna stofu heima hjá sér. „Kosturinn við að opna heima er að ráða tímanum sjálf og barnanna vegna get ég skotist frá ef eitthvað kemur upp á,” segir Hanna.

En hvaðan kemur hugmyndin að nafni stofunnar *Hún hló*? Hún auglýsti á Facebook eftir hugmyndum að nafni fyrir nýju stofuna sína og ein af mörgum sem kom var þessi, *Hún hló*. “Ég heiti Hanna Lára Ólafsdóttir svo upphafsstafir mínir eru HLÓ og svo er ég kona. En nafnið hefur líka margar aðrar jákvæðar skírskotanir eins og í lagatextann Kátir voru karlar en líka margt fleira sem fólk getur tengt við,” sagði Hanna brosandí að lokum. Við óskum Hönnu til hamingju með nýju stofuna.

og hló

Hanna Lára gerði allar breytingar á stofunni sjálf með aðstoð eiginmanns síns ásamt fjölskyldu. Þar er bland af veggfóðri með ýmsum skrautmunum sem tóna vel saman.

LJÓSMYNDIR EFTIR INGIMARI EYFJÖRD



Heyrnar- og talmeinafíska Íslands

Háaleitisbraut 1 105 Reykjavík
Sími: 581 3855
Netfang: hti@hti.is

Hjálpartæki fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausu í miklu úrvali



Viðvörðunartæki, Vekjarar, Ferðavekjarar, Reykskynjarar, Barnavakt o.fl. tæki m/ljósi eða tengt titrara.

Aðvörðunarljós/-titrarar tengd síma, dyrabjöllu o.fl. Tónmökvar fyrir minni afgreiðslur og stærri sali

Sjá nánar á vefsíðu www.hti.is eða fáið upplýsingar hjá starfsmönnum.



Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn



samskip

VERO MODA®



Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn



Finndu réttu kortið fyrir þig



Fagleg ráðgjöf og góð þjónusta

Kreditkort gefur út MasterCard og American Express kort beint til viðskiptavina og við gerum okkur vel grein fyrir því að sama kortið hentar ekki öllum. Það er þess vegna sem við bjóðum upp á svona marga ólíka valkosti og þess vegna er það hjá okkur sem þú finnur rétta kortið fyrir þig.

Kynntu þér kostina á kreditkort.is

KREDITKORT

Kreditkort Ármúla 28 108 Reykjavík 550 1500 kreditkort@kreditkort.is kreditkort.is